SIGURÐUR KARL GUÐGEIRSSON

Opnar sushi-bar á Stjörnutorgi

• út að borða • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

GUNNAR NELSON

Skrópaði í skóla til að æfa bardagalist

POPP

FYLGIR Í DAG

NÝR HAGKAUPSPÉSI fylgir með fréttablaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

26. febrúar 2010 — 48. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Saknar ekki stjórnmálanna

Sverrir Hermannsson er áttræður í dag.

TÍMAMÓT 20

Háhyrningur drap þjálfara

Til stóð að flytja Tilikum til Íslands árið 1992.

FÓLK 30

Ósamræmd próf

„Um námsefni í grunnskóla gilda ákveðin viðmið sem koma fram í aðalnámskrá," skrifar Pawel Bartoszek.

Í DAG 14

Liverpool komst áfram

Liverpool lenti undir gegn Unirea en kom til baka og kláraði leikinn.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



Strekkingur vestan til og vindstrengur með SA-ströndinni. Snjókoma eða él víða um land, þó líklega úrkomulaust norðanlands fram eftir degi. Áframhaldandi frost.

VEÐUR 4

Flutt af Kleppi eftir áratugi

Mannúðarsjónarmið eru helsta ástæða þess að loka á deild 14 á Kleppi. Sparnaður flýtir fyrir lokun. Flestum hefur verið fundið nýtt heimili. Öllum starfsmönnum var sagt upp en reynt að finna þeim ný störf.

HEILBRIGÐISMÁL Deild 14 á Kleppi verður lokað á vordögum. Deildin er sérhæfð meðferðar- og endurhæfingargeðdeild fyrir fólk með langvinna geðsjúkdóma og alvarlega atferlistruflun. Tólf dvelja á deildinni og hafa sumir verið þar um áratuga bil.

Flestum hefur verið fundin ný búseta. Um helmingur hópsins er eldra fólk sem á rétt á vistunarmati og dvöl á hjúkrunarheimili. Hluti fær heimili á vegum Straumhvarfa-verkefnisins svonefnda en óvíst er um úrræði fyrir fjóra. Þeir stríða við flókna blöndu af þroskaskerðingu, geðsjúkdómi og hegðunartruflunum. Vonir standa til að framtíðarbúseta tveggja þeirra leysist á næstu vikum en staða hinna tveggja er erfiðari viðfangs og krefst flóknari úrlausna.

Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, segir langtímadvöl og jafnvel fasta búsetu á sjúkrahúsum hvorki samræmast nútímaheilbrigðisþjónustu né mannúðarsjónarmiðum. Tólf prósenta sparnaðarkrafa á tveimur árum hraði þó lokun deildarinnar. Beinn rekstrarkostnaður deildar 14 nemur 170 milljónum króna á ári.

„Það er ekki hlutverk geðsviðs Landspítalans að sinna búsetuúrræðum fatlaðs fólks," segir Páll og bendir á að þessir tólf vistmenn séu í raun þeir síðustu sem eftir eru af því gamla Kleppssamfélagi sem í eina tíð taldi hundruð manna. „Fólk sem er með geðsjúkdóm en á ekki von um bata á ekki að vera á sjúkrahúsi. Það á rétt á að vera búið heimili."

Páll segir að yfirvofandi breytingum fylgi kvíði og óöryggi en þrátt fyrir það sé ómögulegt að halda því fram að fólkinu sé betur fyrirkomið á Kleppi.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, kveðst einlægur fylgismaður þeirrar stefnu að fólki séu búin heimili utan spítala en gagnrýnir að tilkynnt hafi verið um lokun deildarinnar áður en öllum voru fundin ný búseta.

Alls 27 starfsmönnum deildarinnar hefur verið sagt upp og taka uppsagnirnar gildi 1. maí. Páll Matthíasson segir markmið stjórnenda að allir fái ný störf innan Landspítalans og telur hann vonir um það góðar.

Deild 14 er til húsa á 1. hæð gamla Kleppsspítalans inni við Sund. Að sögn Páls er ástand húsnæðisins ágætt og verður önnur deild í verra húsnæði flutt þangað.

- bþs

LEIÐINDAVEÐUR UM LAND ALLT Í GÆR Umferðin gekk erfiðlega í Reykjavík í gærmorgun þegar fyrsti alvörusnjórinn sást þar í vetur. Skárra veður var þó í Reykjavík þegar líða tók á daginn en víðast hvar annars staðar á landinu, vegna skjóls fyrir norðaustanáttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leiðindaveður víða um land:

Fagna snjónum í Bláfjöllum

VEÐRIÐ Færð var þung víða um land í gær, en verst var ástandið undir Hafnarfjalli og í Borgarfirði. Undir Hafnarfjalli lentu bílar í alvarlegum vandræðum í gærkvöld, enda var skyggni þar nánast ekkert.

Í Bláfjöllum fögnuðu menn hins vegar snjókomunni, þótt erfitt hafi verið að sjá hvernig ástandið yrði þar vegna þess hve blint veðrið var.

„Það er nú varla komið nóg í brekkurnar," sagði Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðisins í Bláfjöllum, um snjókomuna í gærkvöld. „En við erum bjartsýn, það er spáð snjókomu áfram."

Veðurstofan spáir svipuðu veðri áfram í dag, en þó verður snjókoma heldur minni.

- gb

Hollendingar og Bretar segjast ekki geta komið lengra til móts við Íslendinga:

Icesave-nefndin tómhent heim

STJÓRNMÁL Fundi samninganefndar Íslands og fulltrúa Hollendinga og Breta í London í gær lauk án niðurstöðu. Bretar og Hollendingar segjast ekki geta teygt sig lengra til móts við Íslendinga en með tilboði sínu frá því í síðustu viku.

Íslenska samninganefndin undir forystu Lee C. Buchheit mun í dag funda með formönnum stjórnmálaflokkanna og gera þeim grein fyrir stöðunni.

Hvorki náðist í forystumenn ríkisstjórnarinnar í gærkveldi né formenn stjórnarandstöðuflokkanna. Í yfirlýsingu frá Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra segir að vonast hafi verið til að sameiginleg niðurstaða um bætt kjör í Icesave-málinu næðist. „Það hefur enn ekki tekist. Báðir aðilar lögðu fram uppbyggilegar tillögur en enn greinir þjóðirnar töluvert á."

Í yfirlýsingu ráðherrans er sérstaklega minnt á að þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave verði 6. mars.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins líta íslenskir ráðamenn svo á að viðræðurnar hafi alls ekki siglt í strand.

Í yfirlýsingu talsmanns breska fjármálaráðuneytisins segir að niðurstaðan sé Englendingum og Hollendingum vonbrigði. „Bresku og hollensku ríkisstjórnirnar eru vonsviknar með að þrátt fyrir að þær hafi reynt sitt besta síðastliðið eitt og hálft ár séu íslensk stjórnvöld enn ófær um að ganga að þeirra besta tilboði varðandi Icesave-lánið," segir í yfirlýsingu talsmannsins. Hann ítrekar að menn séu enn ákveðnir í ná samkomulagi við Ísland um féð sem hollenskir og breskir skattgreiðendur eigi inni hjá Íslendingum.

Fréttaveita Bloomberg hafði í gærkvöldi eftir ónafngreindum heimildarmanni í breska fjármálaráðuneytinu að íslenska samninganefndin hefði gengið af fundi. „Þetta er alrangt og búið að biðja breska fjármálaráðuneytið um að leiðrétta þetta," segir Guðmundur Árnason, sem situr í íslensku samninganefndinni. „Fundurinn fór enda fram í íslenska sendiráðinu og okkur hefði aldrei dottið í hug að skilja þá eftir þar."

- bþs, gar

Leikarabörn á Herranótt:

Feta í fótspor foreldra sinna

FÓLK Þrjú börn þjóðþekktra leikara fara með hlutverk í uppsetningu leikfélags Menntaskólans í Reykjavík á verki Andra Snæs Magnasonar, LoveStar. Börnin eru þau Guðmundur Felixson, sonur Felix Bergssonar, Steiney Skúladóttir, sem er dóttir leikaranna Halldóru Geirharðsdóttur og Skúla Gautasonar, og Eygló Hilmarsdóttir, dóttir Hilmars Jónssonar og leikkonunnar Sóleyjar Elíasdóttur.

STEINEY SKÚLADÓTTIR

„Ég held að það megi alveg fullyrða að við séum öll með leikhúsbakteríuna í okkur," segir Steiney en krakkarnir frumsýna í kvöld.

- sm / sjá síðu 24



Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

SPURNING DAGSINS

Hrefna, situr þú í súpunni?

„Nei, enginn sem mætir á súpukeppnina þarf að súpa seyðið af því."

Hrefna Rósa Sætran landsliðskokkur hefur tekið að sér dómgæslu í fiskisúpukeppni á Grundarfirði.

Vandamál að missa vinnu á miðju misseri ef fólk er í námi líka:

Þarf að velja á milli náms eða tekna

VINNUMARKAÐUR „Ég verð að velja á milli næstu mánaðamót hvort ég minnka mjög við mig námið og fæ atvinnuleysisbætur eða held áfram í námi tekjulaus," segir Geir Gígja en hann missti nýverið vinnuna og verður tekjulaus frá og með næstu mánaðamótum.

Geir hefur verið í námi með vinnu í Háskólanum á Hólum og hélt því áfram er núverandi misseri hófs. Vegna reglna um atvinnuleysisbætur má hann ekki vera í nema 10 eininganámi, en er í 30 einingar. Nám hans það sem af er misseri ónýtist því fái hann atvinnuleysisbætur frá 1. mars.

GEIR GÍGJA

„Ég ætla mér ekki að stunda nám á atvinnuleysisbótum, en mér þætti eðlilegt að ef aðstæður eru þannig að maður missir vinnuna á miðju misseri að hægt sé að ljúka náminu á bótum," segir Geir og bætir við að sjálfsagt væri að setja kröfu um það að fólk í þessari stöðu sýndi fram á að þeir væru í virkri atvinnuleit.

Spurður um hvað hann ætli að gera er mánaðamótin renna upp segist Geir reikna með því að hann haldi náminu áfram og verði því tekjulaus út apríl. „Ég tími ekki að gefa önnina upp á bátinn en það þýðir auðvitað að yfirdrátturinn safnast upp." - sbt

SENDI RÁÐHERRUM BRÉF

Geir sendi bæði félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra bréf á dögunum og benti á vandann og mögulegar lausnir. Hann leggur til dæmis til að fólki í hans stöðu verði gert kleift að ljúka náminu á atvinnuleysisbótum, eða taka að minnsta kosti 12 til 18 einingar. Önnur lausn væri að fólk í þessari stöðu gæti tekið námslán en reglur um tekjuhámark útiloka það nánast núna. Ekki er brugðist við tillögunum í svari sem hann hefur fengið frá menntamálaráðherra.

Væntanlegar ESB-viðræður:

Hugsanlegt að einhverjir fundir verði í Reykjavík

STJÓRNMÁL Ekki er útilokað að einhverjir fundir í væntanlegum viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu fari fram í Reykjavík. Venjan er að samningafundir um aðild ríkja fari fram í Brussel þar sem framkvæmdastjórnin hefur greiðan aðgang að stoðdeildum sínum.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra og aðalsamningamaður Íslands, segir ljóst að fundahöld muni að mestu fara fram ytra en Íslandsfundir séu ekki útilokaðir.

Undirbúningur íslensku samninganefndarinnar fer fram á Íslandi. - þþs

Gauragangur fer vel af stað:

Níu þúsund miðar seldust

LEIKHÚS Níu þúsund miðar seldust á Gauragang, leikrit Ólafs Hauks Símonarsonar, á fyrsta degi forsölu í Borgarleikhúsinu í gær. Þetta er nálægt því að vera met, en salan er á svipuðu róli og þegar miðar á Söngvaseið seldust hraðar strax á fyrsta degi en áður hafði þekkst í íslensku leikhúsi.

MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON

„Gauragangur vekur greinilega áhuga fólks, og við erum þakklát fyrir það," segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri þegar hann er spurður um ástæðu þessarar velgengni.

Gauragangur verður frumsýndur 19. mars. - gb

Fær fingurkossa fyrir ljós á göngugrindinni

Helgi Pálmarsson slær alls staðar í gegn með ljósabúnaði á göngugrind sinni. Lögregluþjónar, strætisvagnabílstjórar og leigubílstjórar telja ljósin þarfaþing. Ekki er verra að konur virðast sogast eins og flugur að blikkljósinu hans Helga.

ÖRYGGISMÁL „Ég veit ekki hvað ég hef fengið mörg vink og marga fingurkossa frá kvenfólkinu sem keyrir bílana eftir að ég setti ljósin á göngugrindina," segir Helgi Pálmarsson, 76 ára göngugarpur í Reykjavík.

Helgi segist hafa viljað auka öryggi sitt þegar hann fari út að ganga. Hann hafi keypt sér ljósabúnað í Markinu og starfsmenn verslunarinnar fest búnaðinn á fyrir hann. Eitt ljós vísi aftur og annað fram. Ljósin gangi fyrir rafhlöðum og eigi að endast í allt að eitt þúsund klukkustundir.

„Ég læt ljósið alltaf vera hægra megin við mig og geng beint á móti umferðinni. Þetta sést langan veg," útskýrir Helgi sem kveður ljósin þegar hafa sannað notagildi sitt. „Þau eru búin að bjarga mér sex sinnum frá því að lenda fyrir bílum sem annaðhvort hafa sveigt framhjá mér eða stoppað þegar ég hef verið að ganga yfir götu."

Margir hafa að sögn Helga veitt öryggisbúnaðinum eftirtekt. „Það stoppaði strætisvagn hjá mér í morgun og bílstjórinn spurði hvort það væri eitthvað að hjá mér. Ég sagði honum þá að ég væri með þetta til að bílstjórar sæju að þarna væri maður með göngugrind. Hann var svo hrifinn að hann kom út úr vagninum og þakkaði mér fyrir að setja ljósin á göngugrindina af því að þau sjást langan veg," segir Helgi.

Lögreglan hefur líka haft afskipti af Helga. „Það stoppaði mig lögregluþjónn á Kringlumýrarbrautinni. Hann sagðist endilega þurfa að fá upplýsingar hjá mér og ég útskýrði ljósin. Hann var mjög ánægður, sagði að þetta þyrfti að koma á allar göngugrindur," segir hugvitsmaðurinn.

HELGI PÁLMARSSON Sést um langan veg í umferðinni og er miklu öruggari eftir að hann lét festa rautt öryggisljós sem blikkar á göngugrindinni hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þau eru búin að bjarga mér sex sinnum frá því að lenda fyrir bílum sem annaðhvort hafa sveigt framhjá mér eða stoppað
>
> **HELGI PÁLMARSSON**
> GÖNGUGARPUR

Jafnframt kveðst Helgi hafa fengið hrós frá fjórum leigubílstjórum sem hafi komið út úr bílum sínum til að skoða göngugrindina. „Þeir tóku í höndina á mér og þökkuðu mér fyrir því þarna væri komið eitt almesta viðvörunarkerfi í umferðinni," segir Helgi og undirstrikar að kerfið geti líka virkað á göngustöfum. „Það væri mikill plús fyrir þá sem sjá illa, til dæmis gamalt fólk, að sjást langt að og vara þannig aðra í umferðinni við."

Reyndar er þetta ekki í fyrsta sinn sem sagt er frá Helga í fjölmiðlum í sambandi við umferðaröryggi. Fyrir nokkru fékk hann aðsvif undir stýri á bíl sínum og skilaði þá sjálfviljugur inn ökuskírteini sínu. „Ég sá að ég gæti kannski keyrt á unglinga sem væru að leika sér á götunni og þeir jafnvel lent örkumla ævilangt í hjólastól. Ég gæti ekki lifað við það." gar@frettabladid.is

TÓKUST Í HENDUR Nirupama Rao og Salman Bashir í Nýju-Delí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðherrafundur í Nýju-Delí:

Reynt að draga úr spennunni

INDLAND, AP Utanríkisráðherrar Indlands og Pakistans voru sammála um að halda áfram að tala saman.

Þetta var helsta niðurstaðan af fundi þeirra Nirupama Rao, utanríkisráðherra Indlands, og Salman Bashir, utanríkisráðherra Pakistans, sem hittust í Nýju-Delí á Indlandi í gær.

Fundurinn sjálfur þykir þó mikilvægur liður í því að draga úr áratuga langri spennu og fjandskap milli ríkjanna. Utanríkisráðherrar ríkjanna hittust síðast fyrir fimmtán mánuðum. - gb

Gengjastríð í Kaupmannahöfn:

Lögregla lætur til skarar skríða

KAUPMANNAHÖFN Lögreglan í Kaupmannahöfn og dönsk skattayfirvöld létu til skarar skríða í gærkvöld gegn glæpagengjum, sem barist hafa reglulega síðustu misseri á götum borgarinnar.

Meðal annars var ráðist til atlögu gegn ólöglegum spilavítum og knæpum á Norðurbrú og í norðvesturhluta borgarinnar.

Danskir fjölmiðlar skýrðu frá þessu á Netinu í gær, en óvíst var um útkomuna. Aðgerðirnar beinast gegn fjármálamisferli gengjanna í þeirri von að þannig megi koma höggi á þau. - gb

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmagi
(að vestan)

Glænýjar Gellur
(nýjar og nætursaltaðar)

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Þriggja klukkustunda fundur stjórnar og hers á Tyrklandi:

Erdogan hafnar kosningum

TYRKLAND, AP Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hafnaði kröfum stjórnarandstöðunnar um að efna til kosninga hið fyrsta. Hann átti í gær fund með Ilker Basbug herforingja, yfirmanni tyrkneska hersins. Abdullah Gül forseti sat einnig fundinn.

Veruleg spenna hefur verið í vikunni milli tveggja helstu valdaafla landsins, hersins og stjórnarinnar, eftir að fimmtíu fyrrverandi og núverandi yfirmenn í hernum voru handteknir og yfirheyrðir vegna gruns um að hafa ætlað að steypa stjórninni af stóli. Tuttugu þeirra hafa verið ákærðir.

Erdogan sagði fundinn, sem stóð í þrjár klukkustundir, hafa verið ánægjulegan. Engu síður mátti sjá á myndum að Basbug herforingja var órótt.

FUNDUR TYRKNESKRA LEIÐTOGA Erdogan forsætisráðherra, Gül forseti og Basbug herforingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Herinn hefur lagt áherslu á að halda í veraldlega skipan landsins, en stjórnin hefur opinskátt fylgt þeirri stefnu að vilja gera íslam hátt undir höfði.

„Almenningur þarf að vera fullviss um að farið verði með þessi mál að lögum og allir þurfa að sýna ábyrgð til þess að valda ekki stofnunum samfélagsins skaða," segir í sameiginlegri yfirlýsingu leiðtoganna þriggja. - gb

Stærsta 3G dreifikerfið frá landnámi

Nú kemstu í háhraðanetsamband víðar en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni.

Kynntu þér 3G og 3G[L] dreifikerfið á siminn.is og sjáðu hvar þú kemst á netið í símanum og tölvunni.

Sími

Netið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SIA / NM41093

GENGIÐ 25.02.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	128,80	129,42
Sterlingspund	197,04	198,00
Evra	173,80	174,78
Dönsk króna	23,349	23,485
Norsk króna	21,621	21,749
Sænsk króna	17,839	17,943
Japanskt jen	1,4414	1,4498
SDR	196,90	198,08

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 230,4607

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikið magn af barnaklámi í tölvu Facebook-mannsins:

Fimm stúlkur tældar á Netinu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú mál fimmtu stúlkunnar sem karlmaður er grunaður um að hafa tælt í gegnum Facebook. Hún var þrettán ára þegar meint kynferðisbrot mannsins gegn henni átti sér stað.

Mál þriggja stúlkna, sem maðurinn er grunaður um að hafa nauðgað eftir að hafa komist í kynni við þær á Facebook, eru komin til ákæruvaldsins. Mikið magn af barnaklámi hefur fundist í tölvubúnaði sem lögregla tók hjá manninum á sínum tíma, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Barnaklámsmálið hefur einnig verið sent til ákæruvaldsins.

FACEBOOK-MAÐURINN Situr í gæsluvarðhald til 3. mars.

Maðurinn, sem situr í gæsluvarðhaldi til 3. mars, var í fyrstu talinn hafa tælt þrjár stúlkur á aldrinum þrettán til fjórtán ára til að hitta sig eftir að hafa komist í kynni við þær á Facebook, með ofangreindum afleiðingum.

Kæra vegna fjórðu stúlkunnar sem maðurinn er grunaður um að hafa tælt barst nokkru seinna og nú hefur fimmta kæran borist eins og áður sagði. Lögregla rannsakar meðal annars hvort maðurinn hafi beitt tvær síðastnefndu stúlkurnar kynferðislegu ofbeldi, en vitað er að hann náði að hitta þær báðar. - jss

Hæstiréttur mildar refsingu:

Þrír mánuðir og skaðabætur

DÓMSTÓLAR Maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í Hæstarétti í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa farið óboðinn inn í svefnherbergi konu, þar sem hún lá sofandi, afklætt sig úr öllu nema nærbuxum, lagst upp í rúm hjá henni, kysst hana á hálsinn og káfað á henni utanklæða. Hann var dæmdur til að greiða henni 250 þúsund krónur í bætur.

Héraðsdómur hafði dæmt manninn í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá á skilorði, og til að greiða konunni 500 þúsund í skaðabætur. - jss

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Trú á efnahagslegt undraverk

STJÓRNMÁL Íslenska fjármálakerfið hrundi vegna þess að hér var að verki hugmyndakerfi sem leysti úr læðingi athafnir og öfl sem voru ofvaxin íslensku samfélagi og kollkeyrðu það á endanum.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, í grein í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar.

Segir hún meðal annars að framámenn í Sjálfstæðisflokknum hafi trúað í einlægni að þeir hefðu skapað efnahagslegt undraverk sem stæði styrkum fótum eftir sautján ára valdatíð þeirra. „Og við hin höfðum ekki sjálfstraust til að draga það í efa," segir hún. - bþs

Andstaða við spilavíti:

Bara ungir karlar vilja spilavíti

KÖNNUN Töluverð andstaða er við það að rekstur spilavíta verði leyfður á Íslandi, ef marka má nýja könnun Markaðs- og miðlarannsókna. Tæplega 64 prósent þátttakenda í könnuninni sögðust því andvíg, þar af tæp 40 prósent mjög andvíg.

Athygli vekur að 71 prósent karla undir þrítugu er frekar eða mjög hlynnt lögleiðingu spilavítis. Það er eini hópurinn þar sem meirihluti er fyrir hugmyndinni. Mest mælist andstaðan hjá eldri konum, eða 83 prósent.

Könnunin var gerð 12. til 17. febrúar og þátttakendur voru 902. - sh

Óveðursský hrannast upp segir forseti ASÍ

Miðstjórn ASÍ átelur stjórnvöld fyrir seinagang í endurreisnarstarfinu og fyrir tafir á lausn Icesave-deilunnar. Búast megi við samdrætti í fjárfestingum og auknu atvinnuleysi. Umhverfisráðherra sagður hafa tekið „galna ákvörðun".

EFNAHAGSMÁL „Fyrir heimilin þýðir þetta því miður meira atvinnuleysi en ella og meiri samdrátt í kaupmætti sem auðvitað þýðir versnandi lífskjör," sagði Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur hjá ASÍ, þegar hann kynnti í gær hagspá sambandsins fyrir næstu þrjú ár.

Samkvæmt nýju hagspánni stefnir allt á verri veg en ASÍ reiknaði með þegar síðast var gefin út slík spá í október í fyrra. Ólafur sagði ástæðu þessarar neikvæðu þróunar vera seingang í frágangi Icesave-deilunnar og tafir í uppbyggingu atvinnulífsins og endurreisn efnahagslífsins. Miðstjórn ASÍ undirstrikar það sama í harðorðri ályktun þar sem lýst er áhyggjum af óvissu um framvindu mála. Dráttur á lausn Icesave-málsins hafi sett efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lán frá vinaþjóðum í uppnám.

Ólafur sagði afleiðingarnar meðal annars þær að nú sé gert ráð fyrir að fjárfestingar dragist saman um 17 prósent á þessu ári í stað þess að aukast um 4 prósent eins og áætlað hafi verið í fyrrahaust. Atvinnuleysi nái hámarki í byrjun næsta árs og mælast nálægt 11 prósentum en síga niður í 8,5 prósent fyrir árslok 2011. Krónan verði veikari en áætlað var vegna mikillar óvissu í efnahagslífinu. Engu síður muni verða 2 prósenta hagvöxtur á næsta ári og 5,6 prósenta á árinu 2012 eftir 5 prósenta samdrátt á þessu ári og 7 prósenta samdrátt í fyrra.

Miðstjórn ASÍ segir afleiðingarnar af seinagangi stjórnvalda vera þær að erfitt ef ekki ómögulegt sé að fjármagna stórframkvæmdir sem áttu að hefjast á þessu ári. „Miðstjórn ASÍ átelur einnig stjórnvöld fyrir að leggja stein í götu einstakra verkefna," segir í ályktuninni. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði þarna meðal annars vísað til nýlegrar ákvörðunar varðandi svokallaða suðvesturlínu og virkjanamál í Þjórsá. Landsvirkjun sem ríkisfyrirtæki hafi óskað eftir því við sveitarfélögin að fá að skoða tiltekna virkjanakosti.

ÓLAFUR DARRI ANDRASON Hagfræðingur ASÍ lýsti því í gær hvernig seinagangur og ákvarðanafælni stjórnvalda væru að mati sambandsins að lengja kreppuna á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Síðan úrskurðar einn ráðherrann [Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra] um það að sveitarfélögin megi ekki fá framlög frá þeim sem biður um verkefnið til að kosta deiliskipulag. Manni finnst þetta svo galin niðurstaða. Þetta heitir bara að leggja stein í götu eftir þráfaldlegar yfirlýsingar um að ríkisvaldið ætli að styðja við og hjálpa. Þetta er seinagangur og úrræðaleysi og það veldur því að það eru að hrannast upp óveðursský," segir forseti ASÍ.

gar@frettabladid.is

Einkasjúkrahús á vallarsvæði:

Ráðherra efast um hagkvæmni

ALÞINGI Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra efast um ágæti hugmynda um uppbyggingu einkarekins sjúkrahúss á flugvallarsvæðinu í Keflavík. Þetta kom fram í máli ráðherrans á þingi í gær. „Ég tel að þessi viðskiptahugmynd sé engu betri nú heldur en hún var árið 2007 þegar hún gekk ekki upp," sagði Álfheiður á þingi í gær.

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram fyrirspurn til ráðherra um málið og vildi fá skýr svör um afstöðu Álfheiðar.

„Ef þetta er svona hagkvæmt, af hverju gerir einkaframtakið þetta ekki bara sjálft?" spurði Álfheiður. - gb

Janúkovitsj tekinn við:

Lofar að standa utan bandalaga

ÚKRAÍNA, AP Viktor Janúkovitsj sór embættiseið sinn í gær sem forseti Úkraínu, þrátt fyrir að mótframbjóðandi hans, Júlía Tímosjenko forsætisráðherra, hafi ekki enn viðurkennt úrslit forsetakosninganna.

Þingsalurinn var hálftómur þar sem flokksfélagar forsætisráðherrans létu ekki sjá sig. Fátt bendir því til þess að lát verði á hinum þrálátu deilum sem lamað hafa stjórnmál landsins árum saman.

Janúkovitsj hét því að gera Úkraínu að Evrópuríki utan allra ríkjabandalaga. - gb

VM krefst ...

... þess að rekstur fyrirtækja sé reistur á ábyrgð og siðferði.

Nánari upplýsingar á www.asi.is

ENNEMM / SÍA / NM40924

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
Veðurfréttamaður

HÆGT HLÝNANDI
Veður fer hægt hlýnandi á landinu næstu daga og má búast við slyddu og jafnvel rigningu sunnanlands eftir helgina. Um helgina verður víða snjókoma eða él fram til sunnudags en þá má gera ráð fyrir slyddu sunnan til en úrkomulitlu veðri á Norðausturlandi.



Á MORGUN
Strekkingur NV- og SA-til, annars hægari.

SUNNUDAGUR
Sums staðar strekkingur.

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	12°
Berlín	8°
Billund	2°
Eindhoven	9°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	23°
London	10°
Mallorca	17°
New York	3°
Orlando	17°
Ósló	-2°
París	8°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *signidurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

BRÁÐFYNDIÐ OG ÍSMEYGILEGT VERK
EFTIR **BRAGA ÓLAFSSON**

FRUMSÝNING
Í KASSANUM
Á MORGUN

HÆNU UNGARNIR

LEIKSTJÓRI STEFÁN JÓNSSON LEIKARAR EGGERT ÞORLEIFSSON RAGNHEIÐUR STEINDÓRSDÓTTIR
PÁLMI GESTSSON FRIÐRIK FRIÐRIKSSON KRISTBJÖRG KJELD VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR

Tryggðu þér miða í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

KJÖRKASSINN



Ætti að styrkja sjálfstæði íslenskra dómstóla?

Já	89,6%
Nei	10,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefði íslenska samninganefndin átt að fallast á síðustu skilyrði Breta og Hollendinga í Icesave-málinu?

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Orkugeirinn má ekki vera átakavettvangur næstu árin segir iðnaðarráðherra:

Vill frið um orkugeirann

ORKUMÁL Orkugeirinn er mikilvægari en svo að hann megi vera átakavettvangur áfram næstu árin, nóg er samt komið, sagði Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra á opnum fundi um orkustefnu fyrir Ísland sem haldinn var í náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands í gær.

Tilgangur fundarins var að gefa áhugasömum kost á að fylgjast með framgangi starfs stýrihóps sem á að móta heildstæða orkustefnu fyrir Ísland.

Spyrja verður hvort jarðvarmavirkjanir henti til að knýja stór verkefni eins og álver, enda það alls ekki augljóst í ljósi óvissu um endingartíma jarðhitasvæða, sagði Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, sem talaði fyrir hönd Vinstri grænna á fundinum. Hún sagði margfalt hagkvæmara að nýta háhitasvæði, ekki bara til að framleiða raforku heldur einnig til dæmis til húshitunar.

ORKUFUNDUR Þingmenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi ræddu áherslur í orkumálum á fundi í Háskóla Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undir það tók Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar. Hann benti á að aðeins fjórtán prósent þeirrar orku sem komi úr iðrum jarðar séu nýtt í þeim virkjunum sem eingöngu framleiði raforku.

Engin þjóð hefur efni á því að nýta ekki auðlindir sínar, sagði Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. - bj

Dómur Hæstaréttar:

Skaðabætur eftir mengun

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Áburðarverksmiðjuna til þess að greiða konu rúmlega fjórar milljónir í skaðabætur vegna loftmengunar sem hún varð fyrir 30. september 1998.

Sýruverksmiðja Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi var ræst nálægt heimili konunnar. Við ræsinguna var hleypt út um 510 kílóum af ammoníaki í formi heitrar gufu. Konan var ekki vöruð við.

Loftmengunin olli konunni líkamstjóni og var varanleg örorka hennar metin fimmtán prósent. - jss

Ósáttir vegna Heilags papa:

Ölvisholt kærir synjun ÁTVR

STJÓRNSÝSLA Brugghúsið Ölvisholt lagði á mánudaginn fram stjórnsýslukæru til fjármálaráðherra vegna þeirrar ákvörðunar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að hafna því að taka bjórinn Heilagan papa í sölu. Synjun ÁTVR byggðist á því að nafn og flöskumiði bjórsins, sem sýnir papa halda á krossi í greipum sér, væru til þess fallin að brjóta í bága við almennt velsæmi með skírskotun til trúarbragða.

Í kærunni eru færð rök fyrir því að enginn lagagrundvöllur sé fyrir ákvörðuninni, hún fari gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og brjóti gegn ákvæðum EES-samningsins, auk þess sem það sé ekki hlutverk ÁTVR að leggja mat á hvað telst ósæmileg skírskotun til trúarbragða og því sé farið gegn aðgreiningarreglu stjórnsýsluréttarins. - sh

MENNING

Fé veitt til dagskrárgerðar

Eftirstöðvum Menningarsjóðs útvarpsstöðva, alls 88,5 milljónum króna, verður úthlutað til dagskrárgerðar fyrir hljóðvarp og sjónvarp á þessu ári og því næsta. Hefðbundinni starfsemi sjóðsins lauk um aldamótin.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Mikið um dekkjaþjófnað

Dekkjaþjófar hafa látið greipar sópa í höfuðborginni að undanförnu. Að sögn lögreglu eru þjófnaðir algengir í hverfum þar sem umferð er lítil að kvöldlagi.

BANDARÍKIN

Hætta framleiðslu Hummer

Fátt þykir geta komið í veg fyrir að framleiðslu Hummer-jeppa verði hætt. Salan hefur farið dvínandi og hafa General Motors reynt að selja merkið til annars framleiðanda við engar undirtektir enn sem komið er.

Stofnanir brjóta lög um opinber innkaup

Ekki er að finna agaviðurlög í lögum um opinber innkaup. Ríkisendurskoðun leggur til leiðir til úrbóta eftir könnun sem leitt hefur í ljós misbrest í vinnulagi. Könnunin nær til hluta stofnana ríkisins. Til greina kemur að kanna hinar síðar.

STJÓRNSÝSLA „Með því að brjóta lög um opinber innkaup kunna stofnanir ríkisins að skapa ríkinu skaðabótaskyldu," segir Lárus Ögmundsson, sviðsstjóri hjá Ríkisendurskoðun.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er sagður misbrestur á því að ríkisstofnanir fylgi ákvæðum laga um útboðsskyldu, verðsamanburð, gagnsæi og jafnræði í opinberum innkaupum. Lárus segir að virði stofnanir ekki, þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli, ákvæði laga um innkaup þá hljóti að vakna spurningin um hvort ekki verði að beita úrræðum starfsmannalaga á þá sem ekki sinni störfum sínum, lögum og reglum eða fyrirmælum.

Allmörg dæmi eru sögð um að stofnanir fylgi ekki ákvæðum laga um að bjóða út innkaup þegar fjárhæðir fara yfir tiltekin mörk og um að bera saman verð þegar fjárhæðir eru undir þeim. „Að þessu leyti hafa stofnanir ekki gætt þess að leyfa öllum sem hafa til þess hæfni og getu að keppa um viðskiptin, líkt og lög kveða á um," segir í kynningu Ríkisendurskoðunar á niðurstöðum skýrslunnar.

Könnuð voru viðskipti yfir hálfri milljón króna að verðmæti á tímabilinu janúar til október 2009. Gerðar voru athugasemdir við viðskipti 45 stofnana og fjárlagaliða við 104 birgja, eða 13 prósenta úrtaksins.

Einungis voru undir stofnanir sem nota bókhaldskerfi ríkisins og náði könnunin því ekki til stofnana á borð við Skógrækt ríkisins, Vegagerðarinnar, Þjóðkirkjunnar, eða Landspítala – háskólasjúkrahúss. „En það er alls ekki ólíklegt að við gerum sambærilega könnun í öðrum kerfum, það kæmi vel til greina," segir Lárus og kveður niðurstöðurnar nú sýna að bæta megi vinnulag hjá opinberum stofnunum. „Þetta ber vott um dálítið agaleysi. Fram hjá því verður ekki horft."

SVÍNAHRAUN Vegagerðin, Skógrækt ríkisins, Landspítalinn og Þjóðkirkjan eru meðal stofnana sem ný könnun Ríkisendurskoðunar um vinnulag við opinber innkaup náði ekki til þar sem þær nota önnur bókhaldskerfi en Orra, kerfi ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Með því að brjóta lög um opinber innkaup kunna stofnanir ríkisins að skapa ríkinu skaðabótaskyldu."
>
> **LÁRUS ÖGMUNDSSON**
> SVIÐSSTJÓRI HJÁ RÍKISENDURSKOÐUN

Meðal ráðleggginga Ríkisendurskoðunar til úrbóta er að fjármálaráðuneytið komi á fót miðlægum auglýsingavef „til að auka jafnræði og gagnsæi". Þá mælist stofnunin til þess að mótaður verði gátlisti um verðkannanir innkaupa þegar þau eru undir viðmiðunarfjárhæðum. „Ef menn eru með gátlista þá er auðveldara að halda utan um hlutina," segir Lárus. olikr@frettabladid.is

Vinsæll veitingastaður

TIL SÖLU

Mjög auðveld kaup fyrir traustan aðila með reynslu af veitingarekstri. Um er að ræða veitingastað með góða veltu og mikla möguleika. Staðurinn er vel tækjum búinn, í góðu húsnæði og vel markaðssettur.
Útborgun ekki nauðsynleg.

Allar nánari upplýsingar í síma 841-8208

3 dagar eftir
af Potta og pönnudögum

20-50% afsláttur af öllum pottum og pönnum, yfir 100 tegundir.

byggtogbúið
Sími 568 9400 | KRINGLUNNI

Ríkisendurskoðun þótti ástæða til að kanna fjórðung viðskipta Háskólans nánar:

Skýra ekki 14,3 milljóna viðskipti

Háskóli Íslands gaf Ríkisendurskoðun engar skýringar á því hvað réði því að keyptur var fiskur til rannsókna fyrir 14,3 milljónir króna af útgerðarfélaginu Glófaxa frá því í nóvember í fyrra til janúar á þessu ári. Ríkisendurskoðun segir alveg ljóst að í þessu tilviki hafi skólanum borið að bjóða viðskiptin út.

Ríkisendurskoðun taldi vegna könnunar á vinnulagi ríkisstofnana við innkaup tilefni til að kanna sérstaklega viðskipti við 21 af þeim 83 birgjum sem skólinn keypti af vörur eða þjónustu á tímabilinu. Í fimm tilvikum af þeim sem skoðuð voru sérstaklega gaf skólinn engar skýringar á vali birgis.

Af þeim opinberu stofnunum sem könnun Ríkisendurskoðunar náði til var Háskólinn með flest tilvik sem ástæða þótti til að kanna nánar.

Þá gerði Ríkisendurskoðun athugasemd við að enginn formlegur verðsamanburður hafi verið gerður við þau kaup skólans sem skoðuð voru sérstaklega utan ein, en í þeim segir stofnunin að útboðsskylda hafi klárlega verið brotin.

HÁSKÓLINN Af 45 opinberum stofnunum sem nefndar eru í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar eru flestar athugasemdir gerðar við viðskipti Háskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Háskólinn óskaði tilboða vegna hreingerningarþjónustu. Í kjölfarið var samið við Hreingerningaþjónustu Axels sem fékk greiddar 54,4 milljónir króna fyrir þjónustuna á tímabilinu. Fram kemur að skólinn hafi ákveðið að bjóða þjónustuna út í samstarfi við Ríkiskaup þegar gildandi samningar renna út. - óká

Egill Árnason™

75 ára

Við kynnum Baltic Wood

Einn vandaðasta parketframleiðanda okkar frá upphafi

Við bjóðum nú **Eik Unique** á **41% AFSLÆTTI** & **20% AFSLÁTT** af **öllu** öðru **Baltic Wood** parketi

30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.

Íslenskar leiðbeiningar

Íslenskar lagningar- og viðhalds-leiðbeiningar fylgja Baltic Wood.

Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórri smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

Breiðari borð

Borðin eru allt að 20,9cm breið sem gefur fallegra yfirbragð og auðveldar lögn.

Baltic Wood™

Egill Árnason Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 14

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða leikkonur standa að baki Skoppu og Skrítlu?*
2. *Hvað leika margir Íslendingar með enska 1. deildarliðinu Reading?*
3. *Hvað heitir nýr stækkunarstjóri Evrópusambandsins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Skiptastjóri Fons telur að miklum fjármunum hafi verið komið undan fyrir hrun:

Krefur Jón Ásgeir um milljarð

DÓMSMÁL Skiptastjóri þrotabús Fons ehf. krefur Jón Ásgeir Jóhannesson um endurgreiðslu á einum milljarði króna sem færður var úr sjóðum Fons á bankareikning Jóns í júlí 2008. Í stefnu skiptastjórans segir að milljarðurinn sem Jón fékk hafi í raun verið hluti af 2,5 milljarða króna láni til Fons vegna félagsins FS38 ehf. sem var í eigu Fons. Engin gögn finnist í bókum Fons um umrædda greiðslu til Jóns. Pálmi Haraldsson, framkvæmdastjóri Fons, hafi sagt að fjárhæðin hafi í raun verið lánuð til félagsins Þú Blásól ehf. sem ætlað hafi að

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

kaupa lið Williams í Formúlu 1-kappakstrinum. Skiptastjóri Fons segir að þótt samkomulag um þessa lánveitingu til Þú Blásólar sé að finna í bókum Fons hafi það félag aldrei fengið umrædda upphæð. Skjölin um samkomulagið hafi verið til málamynda.

Stefna skiptastjórans var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í henni eru taldar upp margar ástæður fyrir því að rifta beri greiðslunni til Jóns. Um sé að ræða gríðarlega fjárhæð sem hafi verið gjöf til Jóns frá félagi sem í raun hafi verið ógjaldfært. Kröfuhöfum Fons sé þannig mismunað. Einnig hafi Jón Ásgeir haft hag af ráðstöfuninni og vitað „allt um þær aðstæður sem gerðu hana svo ótilhlýðilega sem raun ber vitni“.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, segir hann hafna kröfu skiptastjóra Fons. Þeir hafi nú fjórar vikur til að skila greinargerð til héraðsdóms. - gar

Andorra semur við Ísland:

Skiptast á upplýsingum

UTANRÍKISMÁL Andorra hefur skrifað undir samninga um skipti á skattaupplýsingum við Norðurlöndin, Danmörku, Færeyjar, Finnland, Grænland, Ísland, Noreg og Svíþjóð.

Í tilkynningu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar, OECD, kemur fram að fyrir hafi Andorra skrifað undir tíu sambærilega samninga. „Síðustu undirskriftir gera alls sautján samninga og uppfyllir landið þar með alþjóðlega staðla í skattamálum,“ segir í tilkynningu OECD. - óká

JANUS PEDERSEN Bankastjóri Færeyjabanka, hér fremstur á myndinni, segir stjórnendur hafa gengið varfærnislega gegnum síðasta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gott ár hjá Færeyingunum:

Gengu varlega á erfiðu ári

VIÐSKIPTI Færeyjabanki hagnaðist um 111 milljónir danskra króna, jafnvirði 2,6 milljarða króna, í fyrra. Þetta er um 23 milljónum betri afkoma en árið á undan. Fjórði ársfjórðungur nýliðins árs kom illa við bankann, en þá tapaði hann tæpum 7,7 milljónum danskra króna. Þetta var eini mínusinn í bókum Færeyjabanka á árinu.

Tekjur námu 455 milljónum danskra króna, sem jafngildir 24 prósenta aukningu á milli ára.

Haft er eftir Janusi Pedersen bankastjóra að hin varfærna stefna bankans hafi lagt grunninn að vexti og hagnaði hjá bankanum. - jab

Borga ekki vatnsveitu nema fá virkjun á aðalskipulagið

Landsvirkjun ætlar ekki að borga kostnað við vatnsveitu Flóahrepps fyrr en virkjun í Þjórsá er komin á aðalskipulag. Sveitarfélagið vill hefja framkvæmdir í vor. Áætlaður kostnaður er á bilinu 120 til 140 milljónir.

SKIPULAGSMÁL Samningar Flóahrepps um að fá vatn frá Árborg eru á lokastigi. Samið hefur verið við Landsvirkjun um að fyrirtækið greiði kostnað við aðveituna, en samkvæmt samningnum fæst ekkert greitt fyrr en virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru komnar á staðfest aðalskipulag.

Aðalskipulagi hreppsins hafði verið breytt til samræmis við óskir Landsvirkjunar, en umhverfisráðherra ákvað að staðfesta ekki breytinguna. Ástæðan var sú að Landsvirkjun greiddi útlagðan kostnað Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps við breytingar á aðalskipulaginu.

Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, segir mikilvægt fyrir hreppinn að ný vatnsveita komist sem fyrst í notkun. Vatnsskorts hafi gætt undanfarin tvö sumur vegna þurrka. Hann óttast að vegna úrskurðar umhverfisráðherra muni gerð vatnsveitunnar tefjast.

Áformað er að hefja framkvæmdir, sem áætlað er að taki fimm til sex mánuði, í vor. Aðalsteinn segir allt benda til þess að tafir

URRIÐAFOSS Hætta er á að vatnsból Flóahrepps raskist þegar Urriðafossvirkjun verður reist. Vatnsskorts hefur gætt í hreppnum síðustu tvö sumur vegna þurrka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

verði á vinnunni vegna niðurstöðu ráðherra.

Viðbúið er að vatnsból hreppsins raskist þegar Landsvirkjun reisir Urriðafossvirkjun. Þess vegna ákvað Landsvirkjun að semja um að greiða fyrir kostnað við aðveitu, segir Helgi Bjarnason, verkefnisstjóri virkjana í neðri hluta Þjórsár hjá Landsvirkjun.

Landsvirkjun áætlar að kostnaður við aðveituna verði á bilinu 120 til 140 milljónir króna, fyrir utan virðisaukaskatt, segir Helgi. Samningurinn taki þó ekki gildi fyrr en breytt aðalskipulag, þar sem gert sé ráð fyrir Urriðafossvirkjun, taki gildi.

Flóahreppur undirbýr nú gerð nýs aðalskipulags eftir að ráðherra neitaði að staðfesta fyrra skipulag. Til stendur að auglýsa nýtt skipulag í næsta mánuði. Aðalsteinn segir að sótt verði um styrk vegna kostnaðar við skipulagið úr skipulagssjóði. Koma verði í ljós hversu hár styrkur fáist úr sjóðnum.

Í svari Stefáns Thors, skipulagsstjóra ríkisins, við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að sveitarfélag geti fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr skipulagssjóði.

Flóahreppur fékk framlag úr skipulagssjóði vegna vinnu við aðalskipulag, segir í svari Stefáns. Nú þurfi hreppurinn að kosta meiru ti vegna úrskurðar ráðherra. Fordæmi séu fyrir því að veitt séu framlög úr sjóðnum vegna breyttra forsenda. brjann@

nettó

ódýrt fyrir heimilið!



34% afsláttur

LONDONLAMB

1.385 kr/kg
áður 2.099 kr/kg

Velkomin í Nettó

KJÚKLINGAHAKK

50% afsláttur

395 kr/kg
áður 790 kr/kg

PÍTUBUFF MEÐ BRAUÐI
6 STK

30% afsláttur

699 kr/pk
áður 998 kr/pk

UNGNAUTAHAKK

899 kr/kg
áður 1.249 kr/kg

CHICAGO TOWN PIZZA með tómat
13 cm, 188 gr

CHICAGO TOWN PIZZA með papriku
13 cm, 188 gr

399 kr/stk

KREBENETTUR Í RASPI
FRYSTIVARA

30% afsláttur

896 kr/kg
áður 1.298 kr/kg

GRÍSASNITSEL Í RASPI
FRYSTIVARA

30% afsláttur

1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg

SÍTRÓNUTOPPUR
2 ltr.

158 kr/stk

CO-OPERATIVE PLAIN MELBA TOAST
100 gr

44% afsláttur

98 kr/pk
áður 175 kr/pk

ANANAS FERSKUR

50% afsláttur

139 kr/kg
áður 278 kr/kg

markhonnun.is

Tilboðin gilda 25. - 28. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

GAMAN Í LEÐJUNNI Hin árlega leðjuhátíð fór fram í Yotsukaido í Japan þar sem þátttakendur mættu léttklæddir og skemmtu sér hið besta. NORDICPHOTOS/AFP

Mótmælandanum Hauki Hilmarssyni dæmdar 150 þúsund krónur fyrir ólögmæta handtöku:

Bónusflaggarinn fær bætur frá ríkinu

DÓMSMÁL Handtaka mótmælandans Hauks Hilmarssonar, sem leiddi til uppþots við lögreglustöðina á Hverfisgötu í nóvember 2008, var ólögmæt. Héraðsdómur dæmdi Hauki í gær 150 þúsund krónur í bætur vegna hennar.

Haukur átti eftir að afplána eftirstöðvar sektardóms sem hann hlaut árið 2006 fyrir mótmæli á Kárahnjúkum. Vegna þess var hann handtekinn fyrirvaralaust eftir vettvangsferð í Alþingishúsið með öðrum háskólanemum 21. nóvember 2008 og færður í fangageymslu.

Haukur mótmælti handtökunni, og benti meðal annars á að boða ætti menn í afplánun með þriggja vikna fyrirvara. Á þessi rök fellst héraðsdómur. Að sögn lögreglu urðu mistök starfsmanna innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar til þess að Haukur var ekki boðaður til afplánunar.

MÓTMÆLT Haukur var leystur úr haldi eftir mikil mótmæli við lögreglustöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Héraðsdómur telur einnig að handtakan hafi verið óþarflega harkaleg og niðurlægjandi, þar sem setið var fyrir Hauki í miðbænum þar sem hann var í hópi samnemenda sinna.

Haukur, sem hafði verið virkur í mótmælum og meðal annars dregið Bónusfána að húni á þaki Alþingishússins, fullyrti einnig að hann hefði verið handtekinn til að koma í veg fyrir frekari þátttöku hans í mótmælum og skerða þannig tjáningarfrelsi hans. Dómurinn taldi það ekki sannað.

Handtakan vakti mikil viðbrögð. Mótmælendur hópuðust að lögreglustöðinni við Hverfisgötu þegar fregnaðist af henni og freistuðu þess að frelsa Hauk úr haldi. Einn lögreglumaður slasaðist í átökunum. Eftir nokkur átök var Hauki að lokum sleppt. - sh

Impregilo fær ekki endurgreitt:

Ríkið losnar undan tveggja milljarða skuld

DÓMSMÁL Íslenska ríkið þarf ekki að endurgreiða ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo skatta upp á rúmlega 1,2 milljarða og dráttarvexti sem líklega hefðu nú verið komnir upp í nálega milljarð króna. Hæstiréttur kvað upp dóm þess efnis í gær og sneri þannig við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í desember 2008.

Málið snerist um skatt sem innheimtur hafði verið af vinnu portúgalskra starfsmanna sem störfuðu hjá Impregilo á Kárahnjúkum í gegnum tvær erlendar starfsmannaleigur. Héraðsdómur komst að því að skatturinn hefði verið oftekinn, en Hæstiréttur hefur nú snúið dómnum við. - sh

Framkvæmdastjóri FÍB um gengistryggð lán:

Óvissan er óþolandi

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld þurfa þegar að móta verklag sem styðjast má við vegna gengistryggðra bílalána að mati Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB. „Það er ekki hægt að bíða eftir dómi Hæstaréttar sem er ekki að vænta fyrr en eftir hálft ár eða jafnvel enn síðar," segir hann.

RUNÓLFUR ÓLAFSSON

„Bílalánin eru hluti af skuldavanda heimilanna sem stjórnvöld hafa sagst vilja taka á en vitað er að ekki hefur verið nóg að gert," segir Runólfur.

Þó svo að fallnir séu tveir misvísandi dómar héraðsdóms um gengisbundin lán og úrskurðar Hæstaréttar beðið þá segir Runólfur það vera mat FÍB að seinni dómurinn sé líklegri til að verða staðfestur. „Það er margt sem bendir til að þarna hafi verið um óeðlilega gjörninga að ræða og þess vegna brýnt að stjórnvöld móti einhverjar reglur um framhaldið. Óvissan er óþolandi og margir sem hafa þegar lent í vandræðum, vörslusviptingu og þar fram eftir götunum."

Hann segir að til bóta væri að stjórnvöld tækju þegar afstöðu til álitamála á borð við það hvernig fara eigi með hina ýmsu lánasamninga sem kunna að vera ólögmætir. „Myndu þeir falla undir að vera bara með þá vexti sem í upphafi voru settir inn í samninginn og gengi á þeim tíma sem lánið var veitt, eða færu þeir undir ákvæði vísitölutryggðra lána á þessum tíma? Þarna ríkir mikil réttaróvissa." - óká

SJÁVARÚTVEGUR Ísland hefur vel þróað stjórnkerfi fiskveiða en þarf að tileinka sér stjórntæki Evrópusambandsins á því sviði komi til aðildar, segir í greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Ísland lúti valdi ESB í sjávarútvegi

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um sjávarútveg er fundið að banni við fjárfestingum útlendinga og takmörkunum á aðgangi að íslenskri lögsögu.

STJÓRNSÝSLA Íslendingar þurfa að fella sig við æðsta vald Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum. Íslensk lög, sem takmarka fjárfestingar í sjávarútvegi og aðgang erlendra skipa að íslenskri lögsögu og þjónustu í höfnum, stangast á við lögsögu ESB.

Þetta kemur fram í sjávarútvegskafla greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar ESB, sem lögð var fram í fyrradag um leið og tilkynnt var að Ísland uppfyllti allar kröfur sem gerðar eru til umsóknarríkis.

„Í íslenskri löggjöf um fjárfestingar í sjávarútvegi er að finna takmarkanir gegn fjárfestingum sem eru ekki í samræmi við regluverk ESB," segir í skýrslunni.

„Íslensk lög kveða á um að aðeins skip í eigu íslenskra lögaðila og íslenskra borgara, sem búsettir eru á Íslandi, megi skrá til fiskveiða í íslenskri lögsögu," segir enn fremur. „Framseljanlegar aflaheimildir eru gefnar út til skipa en útlendingar geta ekki eignast þær." Útlendingar megi ekki eiga nema minnihluta hlutabréfa í íslenskum fyrirtækjum sem veiða og vinna fisk.

„Íslendingar takmarka aðgang erlendra skipa að höfnum og þjónustu í höfnum. Þessar takmarkanir eru ekki í samræmi við reglur Evrópusambandsins," segir enn fremur og er þar bæði vísað til dómaframkvæmdar og til reglna sem standa vörð um frjálst flæði fjármagns og tryggja rétt til að stofna fyrirtæki og veita þjónustu.

„Ísland mun þurfa að fallast á meginreglurnar um æðsta vald Evrópusambandsins og um aðgang að hafsvæði, sem samkvæmt 17. grein reglugerðarinnar um sameiginlega fiskveiðistefnu ESB tryggir skipum frá öllum aðildarríkjum aðgang að lögsögu annarra aðildarríkja, á grundvelli umsaminna reglna," segir í skýrslunni.

Að lokinni ítarlegri umfjöllun um íslenskan sjávarútveg segir að innganga Íslands hefði umtalsverð áhrif á sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Sú stefna sé nú til endurskoðunar og eigi endurskoðuð stefna að öðlast gildi 2013. Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar frá apríl 2009 bendi til þess að á sumum sviðum muni stefna ESB færast nær stefnu Íslendinga á sumum sviðum. peturg@frettabladid.is

Þægindin í fyrirrúmi

Í DÖNSKU GÆÐARÚMUNUM FRÁ PASSION

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan bíður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

PASSION

DÖNSK HÖNNUN DÖNSK GÆÐI

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

Frábærir tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir.

Serta®

Komdu í heimsókn og skoðaðu 2010 módelin frá Serta og leyfðu þér að dreyma um góðan svefn.

Allt að 35% kynningarafsláttur

LÚR
BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • HEIMASÍÐA: WWW.LUR.IS • NETFANG: LUR@LUR.IS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

569 KR.KG

VÍNBER GRÆN OG RAUÐ STEINALAUS

195 KR.KG

APPELSÍNUR Í LAUSU

898 KR.KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK

598 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

1598 KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

898 KR.KG

GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

1398 KR.KG

ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ LAMBLÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG **30% AFSLÁTTUR**

198 KR. 2 FLÖSKUR

HEINZ TÓMATSÓSA 567G
TVÆR FLÖSKUR

898 KR.KG

GV FERSKT GRÍSASNITSEL

498 KR.KG

GRÍSAVEISLA: FERSKUR GRÍSABÓGUR

398 KR. 4 DÓSIR

HEINZ BAKAÐAR BAUNIR
FJÓRAR DÓSIR

898 KR.KG

GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS

598 KR.PK

NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK MEÐ BRAUÐI

398 KR.KG

K.F KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 499 KR.KG. **20% AFSLÁTTUR**

198 KR.PK

RIVO KAFFI 400 gr
VARA HÆTTIR.

1398 KR.KG

KJARNAFÆÐI LONDONLAMB
ÚR LÉTTREYKTUM ÚRB LAMBAFRAMPARTI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG
30% AFSLÁTTUR

Colgate GÓÐ TANNHIRÐA

COLGATE TANNKREM 4 TEGUNDIR
100 ml 259 kr stk.

1359 KR.KG

K.F FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR
Í BRAUÐRASPI TILBÚNAR Í OFNINN
MERKT VERÐ 1698 KR.KG. **20% AFSLÁTTUR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

Samkvæmt könnun *Frjálsrar verslunar** er **Bónus** vinsælasta matvöruverslun á Íslandi 2010.

Neytendur! Takk fyrir stuðninginn.

Starfsfólk Bónus

---

* FRJÁLS VERSLUN

* FRJÁLS VERSLUN 1. TBL. 2010

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Er ríkisstjórninni alvara með atvinnusköpun?

Kreddur gegn atvinnu

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Viðbrögð tveggja talsmanna ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum við áformum um að reka einkasjúkrahús í gamla herspítalanum á Keflavíkurflugvelli hljóta að vekja spurningar um hvort ríkisstjórninni sé alvara þegar hún segist vilja skapa atvinnu í landinu.

Iceland Healthcare, félag undir forystu Róberts Wessman sem fjármagnar verkefnið ásamt erlendum fjárfestum, hyggst reka skurðstofur í gamla herspítalanum og þjónusta erlenda sjúklinga, sem eiga rétt á að leita út fyrir heimalandið eftir liðskipta- og offituaðgerðum ef bið eftir þjónustunni dregst umfram ákveðin mörk. Forsvarsmenn fyrirtækisins telja að verkefnið muni skapa um 300 störf í Reykjanesbæ; við sjálfa heilbrigðisþjónustuna, auk ferðaþjónustu og annarrar þjónustu við sjúklingana og fjölskyldur þeirra. Þá hefur verið áætlað að skatttekjur ríkisins af verkefninu nemi um 300 milljónum króna á ári.

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, hyggst setja 100 milljónir króna í verkefnið. Það er í samræmi við markmið og tilgang félagsins, sem er í eigu ríkisins.

Af þessu hefur Ögmundur Jónasson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, miklar áhyggjur. Hann segir peninga skattborgara notaða til að fjármagna einkasjúkrahús og þá vakni sú spurning hvort fólk vilji tvöfalt heilbrigðiskerfi. Þá sé ekki eðlilegt að láta fé skattgreiðenda renna til einkarekinnar heilbrigðisþjónustu á sama tíma og skorið sé niður í heilbrigðiskerfinu.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra bætti um betur í umræðum á Alþingi í gær og sagðist vera alveg á móti einkavæðingu heilbrigðisþjónustu. Varla væri forsvaranlegt að „setja einn milljarð króna [svo] í að gera upp gamlan herspítala“. Þetta „dekur við einkageirann“ myndi ekki leysa þann vanda, sem steðjaði að íslenzku heilbrigðiskerfi.

Ráðherrann og forveri hennar virðast misskilja með öllu hvað er á ferðinni á Miðnesheiði. Þar er ekki verið að búa til tvöfalt heilbrigðiskerfi fyrir Íslendinga, heldur nýta þekkingu og færni íslenzks heilbrigðisstarfsfólks til að búa til góð störf (mörg þeirra kvennastörf) og skapa útflutningstekjur.

Framlag Þróunarfélagsins er hagnaður af öðrum þróunarverkefnum á svæðinu, eins og Kjartan Þór Eiríksson framkvæmdastjóri benti á í Fréttablaðinu í gær. Ef þessir peningar væru ekki notaðir í þetta atvinnuskapandi verkefni færu þeir í önnur verkefni Þróunarfélagsins, en ekki í heilbrigðiskerfið.

Svo virðist sem kreddur Vinstri grænna villi þeim sýn í þessu máli. Hvernig á að vera hægt að trúa flokki, sem hefur aðra eins andúð á einkageiranum, þegar hann segist vilja búa til ný störf fyrir þúsundir atvinnulausra? Kannski hjálpaði það heldur ekki til að um gamlan herspítala er að ræða, miðað við fyrirlitninguna í rödd heilbrigðisráðherrans þegar hún tók sér orðið í munn.

Það verða störf í einkageiranum, sem munu koma Íslandi út úr kreppunni – hvort sem VG líkar betur eða verr. Það er engin þörf á að dekra við einkaframtakið, en ef stjórnmálamenn standa í vegi fyrir arðbærum verkefnum, munu fá störf skapast á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð á næstunni

Erum að taka á móti verkum núna í Gallerii Fold við Rauðarárstíg

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ótti Höskuldar

Höskuldi Þórhallssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, var augljóslega mikið niðri fyrir í umræðum um svæðisbundnar útvarpssendingar á Alþingi í gær. Jafnvel of mikið. „Ég óttast mjög þau áform,“ sagði Höskuldur, „að í stað svæðisbundinna sendinga í útvarpi verði sendur út landsbyggðarfréttatími virka daga í landsútvarpi og svo með haustinu verði sendur út vikulegur sjónvarpsþáttur með dægurefni af landsbyggðinni.“

Kynþáttahyggja

Höskuldur skýrði þennan ótta sinn betur: „Ég get ekki betur séð en að þarna eigi að búa til vettvang til að fjalla sérstaklega um fólkið sem býr ekki í Reykjavík, en það fólk á ekkert annað sameiginlegt en að búa ekki á því svæði og mínum huga er fráleitt að búa til þennan þjóðfélagshóp og gera hann að útvarps- og sjónvarpsefni. Ég leyfi mér að kalla þetta kynþáttahyggju eða einhvers konar aðskilnaðarstefnu. Við erum öll Íslendingar og í landsútvarpi á efni af öllu landinu að eiga jafnan aðgang og keppa um útsendingartíma jafnt.“

Apartheid Ómars og Gísla?

Nú gengur Höskuldi eflaust gott eitt til með því að benda á að niðurfelling svæðisstöðva er skerðing á þjónustu við þá sem hennar nutu. En þetta var klámhögg. Viðleitni til koma til móts við landsbyggðina með aukafréttatímum og dægurþáttum er hvorki kynþáttahyggja né aðskilnaðarstefna. Ef svo væri, væru þættir á borð við Stiklur og Út og suður gróft mannréttindabrot. Þingmenn verða að gæta sín þegar þeir sökkva tönnunum í dýr orð, að sjúga ekki úr þeim alla merkingu.

bergsteinn@frettabladid.is

Ósamræmd próf

PAWEL BARTOSZEK

Í DAG | Menntamál

Í vikunni mátti lesa fréttir þess efnis að hverfisskólarnir væru að koma aftur samkvæmt nýjum innritunarreglum fyrir framhaldsskólana, en samkvæmt þeim þurfa skólarnir að taka in 45% af nemendum úr skólum sem liggja í grenndinni. Hér er um að ræða óþarfa skerðingu á valfrelsi nemenda auk þess sem verið er að skekkja samkeppni bæði á milli nemendanna og framhaldsskólanna sjálfra.

Það má síðan spyrja sig hvort verið sé að gera nokkrum greiða með því að taka hann inn í skóla sem hann kæmist ekki inn ella. Undirritaður upplifði það sjálfur að fara á sínum tíma í menntaskóla þar sem hluti nemenda kom inn á hverfisskólakvótanum. Margir þeirra stoppuðu stutt.

Endurkoma hverfisskólafyrirkomulagsins er því miður annað skref á jafnmörgum árum í átt til ósanngjarnara inntökukerfis inn í framhaldsskóla, allt gert, að maður gæti ímyndað sér, til þess að hindra heilbrigða samkeppni milli grunnskólanna og forða því að þeir þurfi að horfast í augu við gæði eigin menntunar. Fyrsta skrefið var aflagning samræmdra prófa.

Tvenn rök voru helst notuð gegn samræmdu prófunum. Í fyrsta lagi áttu þau að stýra kennslunni um of og í öðru lagi að valda nemendum streitu.

Um námsefni í grunnskóla gilda ákveðin viðmið sem koma fram í aðalnámskrá. Þetta bindur nú þegar hendur kennara varðandi það hvað þeir eigi að kenna. Fyrst að viðmiðin eru samræmd þá má alveg eins hafa samræmd próf úr þeim viðmiðum. Samræmingin hefur þegar átt sér stað. Það var síðan ekki endilega upplifun mín sem nemanda í grunnskóla, þó ég geti ekki talað fyrir aðra, að grunnskólarnir væru fullir af kennurum sem vildu fara ótroðnar slóðir í kennslu, en þurftu að halda að sér höndum vegna hinna stalínísku samræmdu prófa. Enda var kennslan í 10. bekk afar svipuð og í 9. bekk, bara markvissari.

Samræmdu prófin höfðu ákveðinn óumflýjanleikabrag yfir sér, sem var að mörgu leyti gott. Menn vissu að þau kæmu alltaf að lokum, hvort sem mönnum líkaði betur eða verr, og það sem í þeim stæði væri í höndum annarra en þeirra eigin kennara. Samræmda prófinu var alveg sama þó svo að kennarinn hafi verið lasinn í tvær vikur eða að auðvelt hafi verið að fá hann til að tala um kvikmyndir eða tísku þegar hann átti að vera að kenna. Samræmda prófið spilaði eftir sínum eigin reglum.

Undirritaður upplifði það sjálfur að fara á sínum tíma í menntaskóla þar sem hluti nemenda kom inn á hverfisskólakvótanum. Margir þeirra stoppuðu stutt.

Hvað varðar það mikla álag sem lagt var á unga fólkið og streitunni sem því fylgdi þá er torséð að það hverfi nú. Í stað samræmdra prófa sem öllu máli skiptu, koma nú ósamræmd lokapróf sem öllu máli skipta líka. Það er nefnilega svo að mikilvægir áfangar á lífsleiðinni valda flestum okkar einhvers konar streitu. Það er spurning hvort það sé rétta viðhorfið að vilja útrýma þessum mikilvægu áföngum með öllu, eða fresta þeim í lengstu lög. Það dregur ekki úr streitu til lengdar að þurfa aldrei að takast á við neitt sem stressar. Það gerir hlutina bara verri.

Undirritaður er raunar enginn sérstakur aðdáandi þess að vinna heils vetrar sé metin í þriggja tíma skriflegu prófi. Það má líka vel taka undir að það vægi sem samræmdu prófin fengu við innritun í framhaldsskóla hafi ef til vill verið fullmikið. En brotthvarf þessarar mælistiku hefur ekki orðið nemendum og framhaldsskólum til góða. Það er til dæmis mjög erfitt að ætlast til þess af kennurum að þeir gæti hófs í einkunnagjöf þegar þeir hafa enga tryggingu fyrir því að aðrir kennarar í öðrum skólum freistist ekki til að blása hressilega í einkunnablöðrurnar. Hver verður niðurstaðan? Einkunnaverðbólga lík þeirri sem sást á seinasta ári.

Líklegast væri best að gefa samræmdu könnunarprófunum sem þreytt eru á haustin örlítið meira vægi þannig að þau giltu þriðjung eða fjórðung á móti skólaeinkunn. Með því móti myndu skólarnir fá aðgang að einkunnum úr prófunum og gætu reynt að tryggja að ekki hallaði á umsækjendur úr einstaka skólum. En ef marka má fréttir undanfarinna missera þá skortir verulega á að núverandi inntökuarkerfi uppfylli væntingar ungs fólks um sanngirni og jafnræði.

Öryggi fólks í Reykjavík

UMRÆÐAN

Einar Skúlason skrifar um borgarmál

EINAR SKÚLASON

Á dögunum undirrituðu borgarstjóri og lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu samning til tveggja ára um samstarf lögreglunnar og Reykjavíkurborgar á sviði öryggis- og forvarnarmála. Markmið eru sett í samstarfssamningnum um að fækka innbrotum, eignaspjöllum og umferðarslysum í borginni um 5-10% með ýmsum aðgerðum.

Það er ánægjulegt að borgaryfirvöld taki afgerandi skref til samstarfs með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja meiri þjónustu í hverfum borgarinnar.

Á liðnum árum hefur lögreglan ýmist slegið í eða úr með hverfaþjónustu. Þá er kveðið á um það í samningnum að lögreglan eigi mikið samstarf með þjónustumiðstöðvum borgarinnar og fái þar aðstöðu . Það er dýrmætt að þessir aðilar deili reynslu sinni og þekkingu á hverfunum með forvarnir í huga.

Sérstaklega verður beint sjónum að því að auka umferðaröryggi við skóla borgarinnar og fækka þannig umferðarslysum. Þá er rætt um samstarf í því skyni að setja upp nágrannavörslu íbúa, í skipulagningu á forvarnarfundum og á foreldrarölti.

Í flestum hverfanna er mikil og góð reynsla af samstarfi þessara aðila, en mikilvægt er að festa samstarfið og verkefnin betur í sessi og horfa til lengri tíma í senn. Fyrir þjónustumiðstöðvarnar er þetta hvatning um áframhaldandi lykilhlutverk þeirra í hverfum borgarinnar og jákvæð skilaboð til starfseminnar sem hefur verið að þróast á þeirra vegum.

Það er mikilvægt að færa daglega þjónustu lögreglunnar nær íbúum borgarinnar, rétt eins og þjónustumiðstöðvarnar eru að gera og tryggja sýnileika lögreglunnar út í hverfunum. Þannig er verið að bæta þjónustu til íbúa, fækka slysum og afbrotum og stuðla að auknu öryggi íbúa. Meira af slíku!

Höfundur er oddviti framsóknarmanna í borgarstjórnarkosningunum í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FERSKT FYRIR ÞIG ALLA DAGA!

NÝTT
Á ÍSLANDI

CARA CARA ORKU APPELSÍNUR

Innihalda:
- Mikið magn af C vítamíni
- Trefjar og fólat
- Lýkópen og kalíum
- Steinlausar og safaríkar

LÍFRÆNT RÆKTUÐ
BLÁBER

TILBOÐ
LÍFRÆN BLÁBER
679 kr/pk.

ferskar og svalandi!

MELÓNUR
Í MIKLU ÚRVALI

- Vatnsmelónur
- Cantaloupe
- Gular melónur
- Galía
- Honey dew
- Tuscan

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

ÞAÐ GETA EKKI ALLIR BANANAR ORÐIÐ CHIQUITA BANANAR!

vissir þú

að banani gefur samstundis varanlegt og jafnt orkubúst. Rannsóknir sýna að tveir bananar gefa næga orku í 90 mínútna erfiða líkamsrækt. Engin furða að bananinn er sá ávöxtur sem íþróttafólk í fremstu röðum velur sér.

Banani inniheldur mikið af járni sem örvar framleiðslu af hemóglóbín í blóðinu og hjálpar þar af leiðandi við blóðleysi.

Kalíum er nauðsynlegt steinefni sem hjálpar hjartanu og sendir súrefni til heilans og passar upp á vatns jafnvægið í líkamanum. Þegar við stressumst minnkar kalíum magnið í líkamanum. Þetta er hægt að laga með því að borða kalíumríkann banana.

TILBOÐ
ANANAS
298 kr/kg.

TILBOÐ
VÍNBER RAUÐ & GRÆN
499 kr/kg.

ferskt með flugi!

Jarðarber | Hindber | Brómber | Kiwiber | Rifsber | Bláber | Blæjuber

Romain salat **229** kr/stk.

Little gem salat **249** kr/pk.

7 skammtar

Hveitigras **1.799** kr/pk.

Sugar snaps **299** kr/pk.

TILBOÐ

Papaya **599** kr/kg.

TILBOÐ

Avocado **499** kr/kg.

TILBOÐ

Mangó **299** kr/kg.

TILBOÐ

Kiwi **239** kr/kg.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HRÓLFUR SÆMUNDSSON óperusöngvari syngur þekktar aríur í Salnum á morgun klukkan 17. Hrólfur hefur fengið frábæra dóma í Þýskalandi en þar hefur hann sungið fjögur stór hlutverk í vetur, þar á meðal tvö titilhlutverk.

Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Food & Fun

24. - 28. febrúar

Til Perlunnar kemur ástralinn Glen Ballis sem hefur unnið á **Banyan Tree** og **Shangri-la hótelum** á Tælandi ásamt því að vinna í Shanghai, Malasíu og Indónesíu. Hann hefur einnig stjórnað veitingahúsum Harrods í London. Með Glen kemur **Kobayashi Katsuhiko**, japanskur pastry chef sem er með 20 ára reynslu í sætabrauðsheiminum. Hann hefur m.a. starfað á **Laurent** (2 Michelin stjörnur), **La Bastide** (2 Michelin stjörnur) og **Marc Meneau** (3 Michelin stjörnur). Hann mun sjá um eftirréttinn.

TÚNFISKTARTAR
með piparrótarkremi og reyktum ál

HÖRÐUSKEL TATAKI
með tómat citrus salati, soya marineruðum laxahrognum og kryddjurtum

BRASSERAÐ NAUT
með portvíns- og engiferleginni andalifur og bauna- og döðluplómu purrée

SYKURHÚÐAÐUR ÞORSKUR
með kræklingi og kúfskelsalsa, dvergkáli og tom yum froðu

KÓKOSHNETU–TAPIOKA
með steiktu mangói, hindberjum og lychee–sorbet

5 rétta seðill á aðeins 6.900 kr.

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Sigurður segir marga fá svokallaða sushi-þörf og að þá sé gott að geta gripið bita. Hér er meðal annars að finna ál-nigiri og laxa-nigiri með teriyaki-sósu sem er einkennisbitinn hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sushi-þörfin segir til sín

Sushi var ekki hátt skrifað hjá Sigurði Karli Guðgeirssyni þegar hann smakkaði það fyrst fyrir tíu árum en fljótlega varð hann háður því og hefur nú opnað eigin sushi-bar á Stjörnutorgi Kringlunnar.

Matreiðslumaðurinn Sigurður Karl Guðgeirsson kynntist töfrum sushi fyrir um tíu árum og hefur nú opnað eigin sushi-stað í Kringlunni. Hann rekur aðdraganda þess með eftirfarandi hætti:

„Árið 2000 kom Snorri Birgir Snorrason, núverandi eigandi Brauðbæjar, að tali við mig og spurði hvort ég vildi læra að gera sushi. Þá var það ekki hátt skrifað hér á landi og satt að segja fannst mér það vont, en margir upplifa sushi þannig fyrst. Ég hélt síðar til Kaupmannahafnar og lærði sushi-gerð undir handleiðslu japanska meistarans Isao Susuki og þá varð ekki aftur snúið. Ég varð háður sushi og heillaðist af menningunni sem því fylgir.“

Sigurður segir hugmyndina að sushi-bar í Kringlunni hafa verið að draga sushi-menninguna úr 101 en hingað til hefur hún aðallega loðað við veitingastaði miðbæjarins. „Ef fólk í úthverfunum fær svokallaða sushi-þörf verður framvegis ekki eins langt að sækja bitann.“ Sigurður segir mikið um sushi-skyndibitastaði í Japan og víðar en að hingað til hafi það aðallega verið fáanlegt á veitingastöðum hérlendis. Hann segir staðnum, sem hefur fengið nafnið suZushii, hafa verið afskaplega vel tekið en sushi-ið er allt handgert eftir pöntunum á staðnum. Sigurður segir hráefnið skipta öllu við sushi-gerð. „Meginuppistaðan er hrísgrjón, fiskur og grænmeti og má ekkert af þessu klikka.“ Hann gefur ítarlega uppskrift að grjónum en þau eru mikilvægasta undirstaðan. Þau eru síðan ýmist notuð í nigiri-bita eða rúllur.

vera@frettabladid.is

SUSHI-HRÍSGRJÓN

og edik

Edik (sushi-su)
80 ml japanskt hrís-grjónaedik
8 g salt
45 g sykur

Best er að byrja á edikinu því það þarf að kólna niður áður en það fer yfir grjónin. Velgið hrísgrjónaedikið í stálpotti og gætið þess að suðan komi ekki upp. Byrjið á að setja 8 g af salti út í edikið. Bætið svo 45 g af sykri við og leysið upp við lágan hita. Kælið niður við stofuhita.

Hrísgrjón
500 g sushi-grjón
400 ml vatn

Grjónin sett í skál og vatni hellt yfir þannig að það fljóti vel yfir grjónin. Nuddið þau mjúklega til að þrífa burt sterkjuna, hellið vatninu af og endurtakið þrisvar til fjórum sinnum. Þegar vatnið er orðið nokkuð tært, sigtið það frá og hellið köldu vatni yfir grjónin þannig að það fljóti vel yfir og látið standa í 60-90 mínútur eða þar til grjónin eru orðin hvít í gegn. Næst eru þau sigtuð og sett í þar til gerðan hrísgrjónapott. Hellið 400 ml af vatni yfir og sjóðið. Þegar grjónin eru soðin skal taka þau varlega upp úr pottinum með plast- eða viðaráhaldi og setja þau í skál (ekki nota skál úr áli). Hellið edikblöndunni (susi-su) yfir og leysið þau í sundur. Athugið að þetta þarf að gerast á meðan grjónin eru sjóðandi heit. Leyfið grjónunum næst að kólna (má nota blæváeng til að flýta fyrir) niður fyrir líkamshita (um 35°C) en þá eru þau tilbúin til notkunar. Notið helst strax. Ef þörf er á að geyma grjónin má setja rakt viskustykki yfir.

Fermingartilboð Nings

Sparaðu vinnu og fyrirhöfn

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu.

Veislupjónusta NINGS

Síminn er 588 0999 og 822 8833

- Marineraðar kjúklingabringur á spjóti Teriyaki
- Svínakjöt á spjóti með Satay sósu
- Kókoshjúpaðar risarækjur með hvítlaukssósu
- Blandaðar Sushi rúllur með soya og engifer
- Te reyktur lax með engifer, coriander og kaldri lime jógúrtsósu
- Kalkúnalæri og grænmeti í Malasíu karrý og kókósmjólk
- Shar shui svínasteik með hoi sin og plómusósu
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Ferskt salat, fullt af góðgæti

Gos frá Ölgerðinni fylgir fermingar-veislum Nings.

Verð aðeins 2990 kr. á mann (miðað við 50 gesti eða fleiri).

Öllum fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins.

HELGIN

ALÞJÓÐLEG HUNDASÝNING Hundaræktarfélags Íslands verður haldin um helgina í reiðhöll Fáks í Víðidal. Metþátttaka er á sýninguna en 870 hreinræktaðir hundar af 88 hundakynjum mæta í dóm. Dómar hefjast klukkan 9 báða dagana og standa fram eftir degi.

Rope Yoga

Námskeið hefjast 1. og 2.mars. Unglinganámskeið hefst 3.mars

www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

Ekki bara glæpamenn

Félagsmiðstöðvarnar Hólmasel og Hundrað&ellefu halda í sameiningu hæfileikakeppnina Breiðholt's Got Talent í kvöld. Verkefnastjóri Hólmasels segir Breiðhyltinga vera hæfileikafólk upp til hópa.

„Þetta er án efa einn stærsti viðburður sem hefur átt sér stað hjá félagsmiðstöðvunum í Breiðholtinu," segir Kristín G. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá félagsmiðstöðinni Hólmaseli í Breiðholti. Í kvöld klukkan 19.30 halda Hólmasel og félagsmiðstöðin Hundrað&ellefu í sameiningu hæfileikakeppnina Breiðholt's Got Talent, sem er sniðin að fyrirmynd Britain's Got Talent-þáttanna sem notið hafa mikilla vinsælda hjá sjónvarpsáhorfendum.

Félagsmiðstöðvarnar Hólmasel og Hundrað&ellefu þjónusta Breiðholtsskóla, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla og Ölduselsskóla. Það er því um stóran hóp nemenda unglingadeildanna að ræða sem sækir þessar félagsmiðstöðvar og Kristín býst við troðfullu húsi á keppninni í kvöld. „Krakkarnir hafa æft mjög stíft enda til mikils að vinna, frímiða á Samfés-ballið sem haldið verður í Laugardalshöllinni um næstu helgi. Þar munu félagsmiðstöðvar af öllu landinu koma saman og skemmta sér og verður eflaust mikið húllúmhæ."

Mikið er lagt í leikmynd hæfileikakeppninnar og kappkostað að andrúmsloftið verði í líkingu við það sem gerist í Britain's Got Talent-þáttunum. „Við verðum með dómaraborð með bjöllum og ljósum og höfum hannað skreytingar í anda þáttarins, með þeirri augljósu undantekningu að breski fáninn breytist í þann íslenska. Fyrirtækið Exton hefur veitt okkur ómetanlega aðstoð með tækjum og uppsetningu. Kári, María og Diljá, starfsfólk félagsmiðstöðvanna, bregða sér í líki dómara og verða með persónueinkenni hvers og eins á hreinu. Kári ætlar til dæmis að vera David Hasselhoff," segir Kristín og hlær. Alls munu átján atriði bítast um verðlaunin og er um að ræða bæði einstaklings- og hópatriði.

Kristín segist stundum finna fyrir því að þegar félagsmiðstöðvarnar heimsækja aðra bæjarhluta séu Breiðhyltingarnir litnir hornauga. „Við ætlum að sýna fram á að það séu ekki eingöngu glæpamenn í „gettóinu," segir Kristín. „Hér er hæfileikafólk upp til hópa sem er fært um fleira en að vera með einhvern skandal."

kjartan@frettabladid.is

Kári Sigurðsson, Hafsteinn Vilhelmsson og Kristín G. Jónsdóttir, starfsfólk félagsmiðstöðvanna í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALLT HEILSA

Þriðjudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Nú er Ýr 43 komið í verslanir!

Fáðu þér áskrift á www.tinna.is

TINNA

Ósk Harrys Vilhjálmsdóttir snyrtifræðingur segir þaraskrúbb örva blóðrásina og verður húðin mjúk og áferðarfalleg að því loknu. Tara Lind sést nudda viðskiptavin í bakgrunninum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ætilegt þaraskrúbb vinsælt meðal kvenna

Snyrti- og nuddstofan Laugar Spa býður upp á skemmtilega nýjung í skrúbbi þar sem viðskiptavinurinn er skrúbbaður með sérstöku þaraskrúbbi. Varan er svo náttúruleg að hægt er að borða hana.

„Við höfum verið að bjóða upp á þetta þaraskrúbb í á annan mánuð og það hefur verið mikil aðsókn í hann. Í skrúbbinu er salt, sem er mjög vatnslosandi og djúphreinsandi, þarinn sjálfan, sjávarkollagen sem hefur styrkjandi og græðandi áhrif og örvar frumur og vinnur á appelsínuhúð og einnig kókosolía sem er mjög mýkjandi," útskýrir Ósk Harrys Vilhjálmsdóttir.

Meðferðin fer þannig fram að viðskiptavinurinn kemur og byrjar á því að slappa af í baðstofunni í Laugum áður en þaraskrúbbið sjálft hefst. Nuddið tekur um þrjátíu mínútur og að því loknu er húðin áferðarfallegri og mýkri.

„Áhrifin af skrúbbi almennt eru mjög góð, maður verður svo hreinn og friskur og það er svo mikil vellíðan sem fylgir þessu. Skrúbbið örvar einnig frumur og frumuskipti sem er gott fyrir húðina því það verður meiri endurnýjun á henni auk þess sem það örvar blóðrásina."

Ósk segir skrúbbið vera vinsælla meðal kvenna og telur ástæðuna vera þá að konur vilji heldur láta dekra við sig en karlpeningurinn. „Það er engin spurning að skrúbbin eru vinsælli meðal kvenna. Karlarnir vilja heldur láta taka á sér í nuddinu en að dekra svona við sig. Vinsældir skrúbba eru að aukast hér á landi og ég tel að fólk sé almennt orðið meðvitaðra um kroppinn sjálfan og er farið að hugsa betur um hann og húðina."

sara@frettabladid.is

ÚT AÐ BORÐA

Eyþór leggur áherslu á ljúffengt bragð og lystugt útlit matarins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hollt, ferskt og einfalt

Meðal vinsælustu rétta á matseðli hins nýja Nauthóls er kjúklingabringa á grilluðu brauði, borin fram með sætum rauðlauk. Hann tilheyrir smáréttunum, að sögn Eyþórs Rúnarssonar matreiðslumeistara.

Nauthóll var opnaður í byrjun þessa árs í nýju húsi við Nauthólsvíkina í Reykjavík og hefur fengið góðar viðtökur að sögn Eyþórs yfirmatreiðslumanns í eldhúsinu. Ekki er heldur að efa að með hækkandi sól og aukinni umferð muni enn fleiri líta þar inn. Staðurinn er bjartur yfir að líta og ekki spillir útsýnið út á Fossvoginn.

Eyþór skilgreinir Nauthól sem bistro-stað enda eru veitingarnar í þeim anda, hollar, ferskar og einfaldar en alúð er lögð í alla meðhöndlun og skreytingar.

Hér kemur uppskrift Eyþórs að kjúklingabringunni sem hann ber fram með klettasalati og tómat- og chili-dressingu. Hún er ætluð fyrir fjóra.

gun@frettabladid.is

KJÚKLINGABRINGUR NAUTHÓLS

og brauð með dressingu **FYRIR 4**

Kjúklingabringur
2 stk. kjúklingabringur
Grillolía
Maldonsalt
Svartur pipar úr kvörn

Veltið bringunum upp úr olíunni og látið þær liggja í henni í minnst eina klukkustund.

Grillið þær á báðum hliðum þar til þær eru soðnar í gegn. Skerið í þunnar sneiðar, saltið og piprið vel og leggið ofan á salatið.

Brauð
4 sneiðar súrdeigsbrauð eða gott baguette
Ólívuolía
Maldonsalt
Svartur pipar úr kvörn

Penslið brauðið með smá ólívuolíu, grillið á báðum hliðum og kryddið.

Sætur rauðlaukur
1 stk. rauðlaukur
1 msk. flórsykur
1 tsk. sjerrí-edik

Skerið laukinn í örþunnar sneiðar, blandið sykrinum og edikinu saman við og látið standa í 30 mínútur.

Tómat- og chili-dressing
100 g tómatar úr dós
¼ hvítlauksgeiri
1 tsk. gróft skorinn rauður chilipipar
1 tsk. hlynsíróp (maple)
2 msk. ólívuolía
Salt

Allt sett saman í blandara og smakkað til með saltinu.

Salat og mangó
Eikarlauf
Klettasalat
Ólívuolía
Svartur pipar úr kvörn
Maldonsalt
Sjerrí-edik
1 mangóávöxtur
Ristaður maís en má nota ristaðar hnetur

Setjið salat í skál, hellið olíu og ediki yfir og kryddið með salti og pipar.
Flysjið mangóið, skerið í fallegar sneiðar og leggið ofan á kjúklinginn. Setjið ristaðan maís eða hnetur eftir smekk með.

Vanilla er fræbelgur af brönugrastegund. Vanilla frá Madagaskar er algengust og þykir einna best. Vanillustangir og baunir eru bragðmestar og því fremur dýrar.

www.maturinn.com

Einar Ben.
RESTAURANT & BAR

Food and fun 2010!

Veitingahúsið Einar Ben býður Chef Marc Orfaly velkominn!!

Jóhannes Proppé yfirmatreiðslumaður og samstarfsfólk hans á Einari Ben eru stoltir og spenntir að fá jafn metnaðarfullann matreiðslumann eins og Marc Orfaly til okkar á „Food and Fun"! Marc var meðal annars valin einn af „Best New Chef's" árið 2004 hjá hinu virta tímariti „Food and Wine" í Bandaríkjunum.

Í boði er:

Rauðrófusalat með klettasalati, heslihnetum, gráðosti, strengjabaunum, laukhringjum og piparrótar dressingu.

Leturhumar með cannelloni, papriku humarfroðu og steiktum blaðlauk.

Heilsteikt nauta Prime Rib með kartöflumauki og kremuðu spínati.

Stökk Bananarúlla með græn té ís og sykruðum Valhnetum.

Verð: 6.900 kr.

Einar Ben
RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is

Pantið borð hjá okkur í sima 511-5090 eða á einarben@einarben.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Til sölu 2 sleðar POLARIS IQ 600 FUSION ÚTSALA ÚTSALA . Árgerð 2007, ekinn, BENSÍN. Verð 790.000. og POLARIS INDY 600 RMK 144 F/O. Árgerð 2005, ekinn 6 þ.km, BENSÍN, . Verð 890.000. Bílabankinn S. 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Áhv. 400 þús. afb. 26.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

bilfang.is S.567 2000

Nissan Pathfinder LE IT V6 4. 0 L 2006 (33" artic truks breyttur) ek 53 þ.km leður , lúga ofl hefur lent í umferðaróhappi en er viðgerður verð 3980 ýmis skipti skoðuð !

Nissan Doble Cab Diesel árg. 2002 ek. 170 þ.km verð aðeins 990 þús !!! (eftir lokun 897-2908)

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

BÍLALIND.is

RENAULT MEGANE RS TURBO. 09/2007, ekinn 35 þkm, 225 hö 6 gíra. Verð 3.990.000. Ath. skiptir á dýrari! #192073 - Billinn er á staðnum og vekur svakalega athygli! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00

AUDI S4 QUATTRO. Árgerð 2006, ekinn 28 þ.km, DTM-kit 370 hö, sjálfskiptur, leður, carbonspoilerar ofl. Verð 5.990.000. #281146 - Billinn er á staðnum og er hrikalega svalur! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00

PORSCHE CAYENNE TIPTRONIC. Árgerð 2006, ekinn 41 þ.km, flott eintak á hrikalega góðu verði! Ásett verð 7.200.000 Tilboðsverð 5.200.000 stgr. #191853 - Billinn er á staðnum, þú verður að sjá hann! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00.

CADILLAC SRX 4X4. Árgerð 2005, ekinn 56 þ.km, sjálfskiptur7 manna. Ásett verð 3.990.000 Afsláttur til þín 1milljón! 2.990.000 stgr. #102642 - Billinn er á staðnum en stoppar ekki lengi á þessu tilboði! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00.

VW GOLF HIGHLINE 8V. 01/2000, ekinn 145 þ.km, 1,6L, 5 gíra. Verð 590.000. #281274 Billinn er á staðnum og fleiri góðir ódýrir bílar! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00.

TOYOTA COROLLA H/B SOL - SJÁLFSKIPTUR 03/2007, ekinn aðeins 30þ.km, Listaverð 2.440.000 Tilboðsverð 1.990.000. staðgreitt! #300246 - Billinn er á staðnum - vertu ekki of seinn! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00.

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Tilboð 590.þ
PEUGEOT PARTNER árg 2004 ek 111 þ km gott eintak á frábæru verði en ásett verð er 850 þ Vantar bíla á skrá og á staðinn Arnarbílar .s. 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100bilar.is bílasala

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa oþh. á skrá, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílaþjónustan Bilaði Billinn
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.

Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

Stórútsala

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

STÓRÚTSALA

Við flytjum!

Bændur, sjávarútvegur og verktakar

Vegna sameiningu Véla & Þjónustu og Kraftvéla munu Vélar & Þjónusta flytja sig í húsnæði Kraftvéla og verður því stórútsala á rekstrarvörum, varahlutum og aukahlutum sem Vélar & Þjónusta bjóða upp á.

Allt að 75% afsláttur!

Útsalan hefst laugardaginn 27. febrúar klukkan 12:00 og verður haldin í núverandi húsnæði Véla & Þjónustu, að Járnhálsi 2-4. Opið verður á laugardaginn frá 12.00 til 16.00 og verður einnig opið sunnudaginn 28. febrúar á sömu tímum.

Heitt kaffi, djús og bakkelsi í boði.

Járnhálsi 2 - 110 Reykjavík - Sími 5 800 200 - www.velar.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 26. febrúar 2010

Í ÞÆGILEGUM ÁTTHAGAFJÖTRUM

Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona í þremur gjörólíkum hlutverkum

+ UMFJÖLLUN UM ÍSLENSKA FATAHÖNNUN Í ANOTHER MAGAZINE + HRUKKUSTRAUJÁRN SLÆR Í GEGN + TÍSKUVIKAN Í LONDON

SJÓNVARPSFLAKKARI

UNITED 640GB

Kr. 26.950

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

WD

720/1080i

HDMI

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

nýtt og spennandi

BJÖRG ALFREÐSDÓTTIR FÖRÐUNARFRÆÐINGUR Ég ætla að öllum líkindum að kíkja á systur mína og fjölskyldu í bústað á Þingvöllum um helgina og þar verður spilað partý og co, trivial og fleiri skemmtileg spil. Svo hef ég í hyggju að dusta rykið af myndavélinni, fara í skemmtilegan göngutúr og ná fallegum vetrarmyndum.

Leikkonur selja fötin sín

Leikkonurnar Elma Lísa Gunnarsdóttir, Tinna Hrafnsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir standa fyrir markaði í húsnæði Félags íslenskra leikara á Lindargötu 6 um helgina. Allar eru þær miklar smekkkonur og má því búast við að þar verði ýmislegt góss að finna. Kjólar, pelsar, kápur, buxur, bolir og glingur eru meðal þess sem leikkonurnar ætla að losa sig við. Þær lofa hugguleg stemningu, heitt verði á könnunni og heimabakað bakkelsi í boði. Tekið skal fram að engir posar eru á staðnum og því upplagt að koma við í hraðbanka á leiðinni og ná sér í reiðufé. Opið verður á á laugardaginn milli 12 og 19 og sunnudag milli 13 og 16.

Nýr staður opnaður í Tryggvagötu

Ný hipstera-búlla opnar dyr sínar í Tryggvagötu á laugardagskvöldið í stað skemmtistaðarins Club 101 sem er beint fyrir aftan listaspírubarinn Bakkus. Staðurinn hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum vikum og orðið á götunni er að þar komi til með að verða svipuð stemning og á Jacobsen síðastliðið vor. Nafnakeppni stóð yfir á Facebook um þennan nýja stað og nafnið verður tilkynnt á laugardagskvöldið þegar gestir fá að berja nýjar innréttingar augum.

Another Magazine fjallar um Ísland:

Íslensk fatahönnun blómstrar í kreppunni

Biblía kúlsins, hið hnausþykka tímarit Another Magazine, fjallar um íslenska fatahönnun í marshefti sínu. Blaðamaðurinn Emma Reeves segir að fatahönnun hafi tekist á flug á Íslandi með tilkomu fatahönnunardeildar í Listaháskóla Íslands og sé enn á uppleið þrátt fyrir kreppuna. Rætt er við Lindu Björgu Árnadóttur, hönnuð og fagstjóra hjá LHÍ, hönnuðina Steinunni Sigurðar, Hugrúnu og Magna í KronKron, Andreu Maack og Munda, Önnu Clausen og Bjarna Einarsson í Belleville og einnig er fjallað um merkið Aftur og hönnuðinn Hildu Gunnarsdóttur og merki hennar, Milla Snorrason.

Myndir með greininni eru hinar glæsilegustu en þær voru teknar af fyrirsætunni og ljósmyndaranum Elísabetu Davíðsdóttur. Í viðtali segir Linda Björg Árnadóttir að fólk á Íslandi sé loks að sjá tísku sem alvöru iðngrein sem er þess virði að fjárfesta í. „Tíska á Íslandi er ekki alveg jafn þróuð og tónlistin okkar en vonandi fer hún að ná henni," bætir hún við. Mundi segir í viðtalinu að kreppan hafi gert honum auðveldara fyrir að opna sína eigin verslun þar sem verðið hafi lækkað. Sagt er frá hvernig Andrea Maack blandar saman skúlptúr og tísku og geri kjóla úr pappír. „Þetta er góður tími til að vera í sköpunargeiranum," segir Andrea. „Fólk skilur núna að við erum að skapa verðmæta útflutningsvöru."

Kreppan auðveldaði málin Mundi er einn af fjölmörgum hönnuðum sem tímaritið ræddi við í ítarlegri umfjöllun Another Magazine um íslenska tískuhönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Blaðamaður bætir við í lokin að ef sé litið til þess mikla magns af hæfileikaríku ungu fólki sem er að útskrifast úr Listaháskóla Íslands sé augljóst að framtíðarmöguleikar íslenskrar fatahönnunar séu verulegir. Tímaritið má nálgast í Eymundsson. *- amb*

Vertu velkomin(n)!
SALON REYKJAVÍK
Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is

REDKEN 50 ÁRA
FASHION, SCIENCE, INSPIRATION
Keyptu 2 + 1 frítt
Redken vörur
Redken Shampoo

Takmarkað tilboð
- meðan birgðir endast.
GET INSPIRED. SEE YOUR STYLIST. REDKEN.IS
REDKEN 5TH AVENUE NYC

Hrukkustraujárn slær í gegn

Notað af Hollywood-stjörnum

Undratæki sem Íslendingar eru byrjaðir að kalla „hrukkustraujárnið" fer eins og eldur í sinu um Reykjavík. Tækið er framleitt af fyrirtækinu Nu-Skin en ekki er um raunverulegt „straujárn" að ræða heldur sérstakt „Galvanic"-raftæki sem er jákvætt hlaðið en meðferð með slíkum tækjum hefur tíðkast á snyrtistofum um heim allan í mörg ár. Hin byltingarkennda tækni sem Nu-Skin segist hafa fundið upp snýst um notkun sérstakra yngingargela í andlit sem eru notuð ásamt tækinu og virðast bera undraverðan árangur á hrukkur sem sést eftir aðeins eina meðferð. „Gelin innihalda efni sem stuðla að virkni húðfrumna og flýta fyrir endurnýjun þeirra," útskýrir Íris Hall, söluaðili NuSkin. „Tækið er líka hægt að nota til meðferðar á appelsínuhúð og til að örva hárvöxt. Tækin eru seld ásamt gelunum til heimanotkunar og mælt er með að fólk noti það þrisvar í viku." Þess má geta að Hollywood-stjörnur eru víst óðar í tækið enda um náttúrulegri og heilsuvænni lausn að ræða en eitrið Botox. *- amb*

Undraverður árangur á hrukkur Íris Hall með Galvanic-tækið.

DÖMULEG Victoria Beckham var settleg í svörtum „fiftís"-legum kjól úr eigin hönnunarlínu á tískuvikunni í London.

föstudagur
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason Ritstjórn Anna M. Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Ningbo húsgögn 20%

Ningbo 20%
áður 79.900,-
nú **63.920,-**

Ningbo 20%
áður 145.900,-
nú **116.720,-**

Ningbo 20%
áður 39.900,-
nú **31.920,-**

Ningbo 20%
áður 49.900,-
nú **39.920,-**

Ningbo 20%
áður 95.900,-
nú **76.720,-**

30%
áður 11.900,-
nú **9.520,-**

3 fyrir 2 Snyrtivörur

Ningbo 20%
áður 49.900,-
nú **39.920,-**

40%
áður 24.900,-
nú **19.920,-**

30%
áður 16.900,-
nú **13.520,-**

Ningbo 20%
áður 29.900,-
nú **23.920,-**

Ningbo 20%
áður 89.900,-
nú **71.920,-**

Púðar

Glæsilegt úrval af litríkum púðum

2.990,- 2.490,- 3.490,- 2.990,- 3.490,-

the PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

Í ÞÆGILEGUM ÁTTHAGAFJÖ

Leikkonan *Vigdís Hrefna Pálsdóttir* túlkar þrjár gjörólíkar persónur í jafnmörgum verkum í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir. Hún leikur í kórnum í Brennivörgunum og fer með hlutverk Nansíar í Óliver! Þriðja verkið, Hænuungarnir eftir Braga Ólafsson, verður frumsýnt annað kvöld í Þjóðleikhúsinu.

Viðtal: **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
Ljósmyndir: **Valgarður Gíslason**

Vigdís hefur skemmt sér konunglega á æfingum fyrir Hænuunganna og hlakkar til að sjá móttökur áhorfenda. „Þetta er frábært leikrit. Bragi hefur svo lúmskan og skemmtilegan húmor, hann sér hið kómíska í hinum hversdagslegustu aðstæðum. Það er líka búið að vera mjög lærdómsríkt að vinna með þessum reynsluboltum eins og Kristbjörgu, Eggerti, Heiðu, Pálma og Friðriki. Mér finnst mjög mikilvægt að ungir leikarar fái að starfa við hlið þeirra eldri og reyndari, það græða allir á því að ólíkar kynslóðir séu starfandi saman í leikhúsinu. Leikritið á sér stað á húsfundi og ég leik stelpu sem kemur og rótar í fólkinu. Þetta er skrautlegt og trúverðugt persónugallerí hjá Braga og Stefáni Jónssyni leikstjóra og ég held að það eigi allir eftir að kannast við einhverjar týpur þarna.“

Hún óttast ekki að ruglast á textum og fara óvart að syngja Mat, dýrlegan mat í miðri senu af Hænuunganum. „Nei, nei, það er bara gaman að vinna í svona ólíkum verkefnum í einu. Þessi þrjú verkefni eru gjörólík og krefjast ólíkra hluta af manni. Það er eitt af því sem mér þykir svo gaman við að vera leikari á Íslandi. Þú færð tækifæri til að gera ólíka hluti, spreyta þig á ólíkri tegund af leiklist.“

VIÐ NÁM Í SKOTLANDI

Þetta var ein helsta ástæðan fyrir því að Vigdís ákvað að koma aftur heim til Íslands, eftir að hafa verið við nám í Konunglegu skosku akademíunni fyrir tveimur árum. „Ég velti því mikið fyrir mér þá hvort ég ætti að reyna að lifa sem leikkona þarna úti, en tók þá ákvörðun að koma frekar aftur heim. Hér var ég öruggari um að hafa nóg að gera og fá að gera ólíka hluti. Það er viss lúxus á Íslandi að þú verður að hafa breidd sem leikari ef þú ætlar að lifa af. Maður getur ekki lifað bara af söngleikjum, til dæmis, því þeir eru einfaldlega ekki það margir á ári. En auðvitað er viss tilhneiging hjá fólki að festast í ákveðnum rullum. Mér finnst líka margir af okkar færustu leikstjórum of ragir við að láta okkur prófa eitthvað nýtt, menn spila það svoldið seif og tæpkasta oftar en ekki.“

> *Þingholtin eru eins og lítið þorp. Ég þekki meira og minna fólkið sem býr í kringum mig, nema reyndar í tóma húsinu hans Björgólfs Thors gegnt mér.*

SÖNGUR OG DANS ALLA DAGA

Í Skotlandi var Vigdís í söngleikjanámi, sem byggðist að stærstum hluta á intensívum söng- og dansæfingum í fleiri klukkutíma á dag. Sjálf er Vigdís mikill söngleikjaaðdáandi. Hún hefur lært söng frá því hún var stelpa en það var helst dansinn sem hana langaði til að ná betri tökum á. „Stór ástæða fyrir því að mig langaði að læra meira var að ég varð oft svo kvíðin fyrir dansprufur. Ég var oft svo hrædd um að ná ekki sporunum og náði þeim ekki þess vegna, þetta var orðin meinloka hjá mér. Mig langaði að læra meira á líkama minn og aðra nálgun á söng.“

Þegar hún sótti um að komast inn í Konunglegu skosku akademíuna átti hún þó ekki sérstaklega von á að komast inn. „Það var eiginlega í algjöru bríarí að ég ákvað að sækja um þarna, ég var handviss um að ég kæmist ekki inn eftir dansprufuna, sem var algjör brandari.“

Hinar prufurnar hafa þó greinilega vegið hana upp, því hún var ein af tólf sem komust inn, af mörg hundruð umsækjendum, og fékk skólastyrk líka. „Mér brá ekkert lítið þegar ég fékk bréfið og ég sá að ég var komin inn,“ segir Vigdís og brosir.

FRIÐUR FYRIR ÖÐRU FÓLKI

Stuttu seinna var hún komin með alla fjölskylduna til Skotlands, og það til að vera í eitt ár. Þetta var góður tími fyrir fjölskylduna. „Mér fannst þetta frábær reynsla og ég hugsa að við gerum þetta einhvern tímann aftur. Ég held það sé mjög dýrmætt fyrir fjölskyldur að fá af og til smá frið frá vinum og vandamönnum – þó þeir séu dásamlegir. Svo er þroskandi að búa í öðru landi og kynnast nýju samfélagi, sjá hvernig fólk hefur það annars staðar.“

Dvölin úti varð þó ekki til að minnka ást hennar á heimahögunum. „Mér fannst frábært að kynnast nýrri menningu, gildum og lífsstíl. Það kenndi mér líka að meta betur það sem ég hef hér. Ég sé ekkert eftir því að hafa farið heim. Ég vil ekki ala dóttur mína upp öðruvísi en sem Íslending og það frelsi sem við höfum hérna á Íslandi finnst mér mjög dýrmætt.“

ÞINGHOLTIN EINS OG LÍTIÐ ÞORP

Vigdís er fædd og uppalin í Þingholtunum og getur ekki hugsað sér að færa sig langt um set. „Ég er löngu búin að gera mér grein fyrir því að ég er átthagafjötruð og flyt sennilega seint úr Þingholtunum. Ég ólst upp á Bergstaðastræti og sé húsið hennar mömmu frá tröppunum mínum. Það sem ég sækist eftir í miðbænum er mannlífið. Þingholtin eru eins og lítið þorp. Ég þekki meira og minna fólkið sem býr í kringum mig, nema reyndar í tóma húsinu hans Björgólfs Thors gegnt mér. Það er viss nálægð við fólkið í kringum mig sem ég skynja ekki í úthverfum. En ég hef svo sem aldrei búið í úthverfi, svo ég er alveg jafnfordómafull gagnvart úthverfum eins og fólk þaðan er gagnvart miðbænum.“

Henni leiðist tal um að færa þurfi meira líf í miðbæinn með hinum ýmsu aðgerðum og framkvæmdum. „Mér finnst gleymast í þessari umræðu að það er fyrir fólk í miðbænum og það þarf að hlúa að því líka. Til dæmis með því að gera átak í umferðarmálum. Fólk keyrir eins og bestíur í Þingholtunum. Mér finnst stundum eins og það sé almennt álit að hérna búi enginn, þetta séu bara kaffihús og hótel. En hérna býr fólk með börnin sín og þau eru úti að leika sér, alveg eins og alls staðar annars staðar í Reykjavík.“

SORGLEG MENNINGARUMFJÖLLUN

Vigdís er dóttir Páls Baldvins Baldvinssonar, menningarrýnis og leikhúsgagnrýnanda með meiru. Hún fær oft þá spurningu hvort það sé erfitt að eiga pabba sem er gagnrýnandi. „Auðvitað getur það stundum verið skrýtið, því starf gagnrýnenda er bæði umdeilt og vanþakklátt. En mér finnst reyndar gagnrýni leikhúsinu mjög mikilvæg. Og það er sorgleg staðreynd að ritstjórnir okkar stærstu dagblaða sjái ekki ástæðu til að gefa meira pláss undir menningarumfjöllun og gagnrýni. Svo ég tali nú ekki um RÚV og Stöð tvö. Innlendur fréttaannáll RÚV núna um áramótin minntist einungis á einn menningarviðburð og það var Eurovision. Kastljósið á að dekka menninguna í bland við annað en það verður alltaf frekar yfirborðskennt og hraðsoðið, sennilega vegna þess að það þykir ekki nógu merkilegt. Egill Helgason hefur sannað það með Kiljunni að fólk vill almennilega menningarumfjöllun og það ber að bregðast við því með umfjöllun um aðrar listir en bókmenntirnar.“

Þó Vigdísi þyki gagnrýni mikilvæg er hún ekki sátt við störf allra gagnrýnenda. „Mér finnst gagnrýni á söngleiki sérstaklega oft ekki nægilega vel unnin. Ég held að mörgum gagnrýnendum leiðist söngleikir og hafi ekki kunnáttu til að meta þá. Ég var til dæmis mjög ósátt við sum skrifin um Óliver! og mér fannst greinilegt að fólk kom með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig Oliver Twist ætti að vera, en gerði ekki greinarmun á bókinni og söngleiknum. Þetta er 50 ára söngleikur sem er löngu búinn að festa sig í sessi sem einn af klassísku söngleikjunum. Það ber að meta hann sem slíkan.“

Um pabba sinn í hlutverki gagnrýnanda vill hún lítið annað segja. „Við erum mjög náin og hann hefur gefið mér mörg góð ráð í gegnum tíðina og verið minn helsti stuðningsmaður. En það er ekki eins og hann gagnrýni mig mikið. Hann er bara eins og hvert annað foreldri með það.“

DÓTTIR KONUNGSINS

Fram undan eru spennandi en

Í vetrarskrúða Vigdís klæðir sig vel á veturna, enda fer hún allra sinna ferða á tveimur jafnfljótu

POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • FEBRÚAR 2010

GUNNAR NELSON
SKRÓPAÐI Í SKÓLA TIL AÐ ÆFA BARDAGALISTIRNAR

LILJA INGIBJARGAR
LIFÐI LÚXUSLÍFI Í NEW YORK OG LOS ANGELES

ÍSLENSKA RAPP ÆTTARTRÉÐ

HVAÐA BARIR ERU MEÐ HAPPY HOUR?

NÝTT Á DVD
HELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum - Skeifunni - Vefverslun
sími 544 4000 - símsala 575 8115

AÐ FARA Á BJARNFREÐARSON Í BÍÓ Þrátt fyrir að ævintýri Georgs Bjarnfreðarsonar séu ekki lengur sýnd á besta tíma og í stærstu sölunum er enn þá hægt að sjá myndina á hvíta tjaldinu. Fyrir hina fjölmörgu aðdáendur Vakta-þáttanna hlýtur það eiginlega að vera hreinasta skylda.

AÐ LESA JÓLABÆKURNAR Þótt þú hafir ekki nennt að lesa staf um jólin færðu núna annað tækifæri því bókamarkaðurinn í Perlunni er í fullum gangi og þar eru jólabækurnar á góðum afslætti. Þú getur líka notað tækifærið og fengið þér ís í formi á efstu hæðinni, eða þá bara einn í boxi með heitri karamellusósu.

SVEPPI OG AUDDI PLATA DWIGHT YORKE

Glaumgosinn Dwight Yorke hefur átt í ástarsambandi við nokkrar frægar konur í Bretlandi. Sú frægasta er vafalaust glamúrfyrirsætan Katie Price, einnig þekkt sem Jordan, en þau eiga saman barn.

Við í POPPINU erum ekki mikið fyrir að auglýsa sjónvarpsþætti, en þetta er einum of gott. Gestur Sveppa og Audda í kvöld verður kynbomban Kristrún Ösp. Hún er þekktust fyrir að hafa átt í ástarsambandi við markaskorarann Dwight Yorke, sem lék meðal annars með Manchester United.

Sveppi og Auddi fengu númerið hjá Dwight og gerðu í honum at, sem verður sýnt í kvöld. Þeir hringdu og sögðust vera frá markaðsdeild Subway í Noregi og að þeir vildu fá hann í auglýsingar. Loks sögðu þeir að hann þyrfti að vera ber að ofan í auglýsingunum.



HREKKJALÓMAR Sveppi og Auddi réðu Dwight Yorke í auglýsingu fyrir Subway.

Dwight keypti djókið og það var ekki fyrr en umboðsmaðurinn var kominn í spilið að strákarnir urðu tortryggilegir. Fyrst við erum að tala um Sveppa og Audda þá má nefna að hljómsveitin frábæra, Dikta, verður einnig gestur strákanna í kvöld.

ÞAÐ ER EKKI ORÐIÐ OF SEINT AÐ...

Þrátt fyrir að Visa-reikningarnir frá jólunum séu enn að sliga þig og allt sé á kafi í snjó með allri þeirri ófærð sem honum fylgir, er ekki öll nótt úti enn. Það er aldrei of seint að lyfta sér upp og skoða það sem lífið hefur upp á að bjóða í hinum ýmsu kimum samfélagsins.

AÐ GERAST LÍFVÖRÐUR Draumurinn um að verða íslenskur strandvörður eins og átrúnaðargoðið David Hasselhoff er því miður afar fjarlægur. Af hverju ekki að prófa það næstbesta? Lífvarðanámskeið eru auglýst með reglulegu millibili hér á landi og hver veit nema þú eigir einhvern tímann eftir að bjarga sjálfum forsetanum úr bráðri lífshættu, alveg eins og Jack Bauer.

AÐ HLUSTA Á ÍSLENSKT PÖNK Þrátt fyrir að pönksenan hér á landi hafi horfið af yfirborðinu um miðjan níunda áratuginn er hún síður en svo dauð. Buxnaskjónar frá Akureyri voru að gefa út sína fyrstu plötu og stutt er síðan Morðingjarnir sendu frá sér sína þriðju plötu sem fékk mjög góðar viðtökur.

POPP er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
Ritstjóri: Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
Útlitshönnun: Arnór Bogason
Sölustjóri auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
Útgefandi: 365 hf.

Mikið úrval af píanóum.
Píanóstillingar, viðgerðir og þjónusta.

Hljóðfæraverslun Pálmars Árna ehf.
Rangárseli 6 | 109 Reykjavík | Við Seljakirkju | Símar 553 2845 - 663 2845
hl.palmars@simnet.is | www.palmar.is

POPP PUNKTAR

● GERVIHJÓNABAND

Hjónaband Michaels Jackson og Lisu Marie Presley hefur verið sagt tilbúningur einn. Jackson hafi einungis kvænst henni til að bæta ímynd sína eftir að hafa verið ákærður fyrir kynferðislega misnotkun á ungum dreng. Lisu Marie veitti heldur ekki af athyglinni enda ávallt lifað í skugga föður síns Elvis.

● ELSKULEG ANISTON

Leikkonan Jennifer Aniston hefur ítrekað verið orðuð við mótleikara sína í hverri rómantískri myndinni á fætur annarri. Getur það verið tilviljun? Varla, því dýrar myndir þurfa á góðri aðsókn að halda og hvað er betra til að ýta undir hana en safarík slúðursaga. Owen Wilson, Steve Zahn, Bradley Cooper, Vince Vaughn og nú síðast Gerard Butler hafa allir verið orðaðir við Aniston. Nýjasta mynd Aniston og hins síðastnefnda, The Body Hunter, er einmitt á leiðinni í bíó á næstu vikum.

JESSICA SIMPSON Ofurljóskan varð sögð eiga í ástarsambandi með rokkaranum Billy Corgan. NORDICPHOTOS/GETTY

UNDARLEGT ÁSTARSAMBAND

Margir ráku upp stór augu þegar þeir lásu fréttir um meint ástarsamband ofurljóskunnar Jessicu Simpson og grunge-rokkarans Billys Corgan úr The Smashing Pumpkins. Ólíklegt par ekki satt? Myndir voru teknar af þeim saman úti á lífinu í lok síðasta árs og í framhaldinu fóru vangaveltur um ástarsamband þeirra á flug.

Corgan segir að fjölmiðlar hafi gert úlfalda úr mýflugu og að fréttirnar séu alls ekki nákvæmar. Hann hafi einfaldlega verið að semja titillag nýjustu sjónvarpsþáttaraðar hennar, The Price of Beauty. Samt eru svör hans nokkuð loðin og hann gefur í skyn að einhver neisti sé enn þá í gangi. Simpson hefur hvorki sagt af né á um það hvort þau séu enn þá saman eða hafi yfirleitt verið saman.

Sumir fjölmiðlarýnendur eru uppfullir af samsæriskenningum og telja vel mögulegt að allt hafi þetta verið sett á svið til að búa til ókeypis kynningu fyrir þessar tvær stjörnur, sem báðar mega muna sinn fífil fegri. Mislukkuðum poppferli Simpson lauk endanlega þegar hún gaf út kántríplötu við dræmar undirtektir hjá löndum sínum, sem undir venjulegum kringumstæðum elska kántrí. Þá fór hún að framleiða föt og þykir hugsanlega eiga framtíð fyrir sér þar. Kemur þetta „samband“ við Corgan því að góðum notum við kynningu á nýjustu fatalínu hennar og þessum nýja sjónvarpsþætti.

Corgan þarf einnig að koma sér aftur í sviðsljósið og það strax. Þessi 42 ára rokkari, sem sendi síðast frá sér almennilega plötu fyrir fimmtán árum, hyggur á svakalega endurkomu með hinni útbrunnu sveit The Smashing Pumpkins. Ný plata, Teargarden by Kaleidyscope, hefur að geyma 44 lög sem verða gefin út á Netinu eitt í einu og hver veit nema „samband“ þeirra Jessicu sé ekki einmitt það sem hann þarf á að halda.

BILLY CORGAN Þrettán árum eldri en Jessica Simpson.

FERMING 2010



JAKKAFÖT FRÁ

12990,-

DRESS MANN

ÁVALLT GÓÐ ÞJÓNUSTA!

KRINGLAN-5680800. SMÁRALIND-5659730. LAUGAVEGUR-5629730. AKUREYRI-4627800.

ÆTTARTRÉ ÍSLENSKA HIPP HOPPSINS

Tréð sýnir ýmiss konar tengsl og samstarf milli tónlistarmanna. Það er langt frá því að vera tæmandi. Nöfn raðast stundum eftir því hvenær listamennirnir gáfu út - stundum ekki.



ÞRÓUNARKENNINGIN

Maðurinn er í stöðugri þróun eins og POPP sýnir á þessari einföldu skýringarmynd. Getur þú bent á sams konar þróun? sendu okkur sms á 696 POPP (696 7677) eða sendu póst á popp@frettabladid.is

HJÁKONUR TIGERS Í FEGURÐARSAMKEPPNI

TIGER WOODS Kylfingurinn snjalli hefur beðist afsökunar á að hafa haldið ítrekað fram hjá eiginkonu sinni.

Útvarpsmaðurinn Howard Stern ætlar að halda Tiger Woods-fegurðarsamkeppni 10. mars næstkomandi. Fjórar af þeim þrettán konum sem taldar eru hafa átt í ástarsambandi með hinum kvænta Tiger hafa samþykkt að taka þátt. Grallarinn Stern hafði áður lýst því yfir að keppnin yrði haldin ef þrjár hjákonur myndu bjóða sig fram. Fyrstu verðlaun fyrir titilinn Ungfrú Tiger Woods verða ekki af lakara taginu, eða þrettán milljónir króna. Til þess að eiga möguleika á summunni þurfa stelpurnar að sanna sig fyrir dómurum á sundfötum, í hæfileikakeppni og persónuleikakeppni. Það er heimasíðan AshleyMadison.com sem borgar sigurlaunin en hún sérhæfir sig í stefnumótaþjónustu fyrir fólk í samböndum sem langar að halda framhjá.

Stutt er síðan Tiger Woods kom í fyrsta sinn fram opinberlega eftir að fregnirnar af framhjáhaldi hans tröllriðu fjölmiðlum um allan heim. Á blaðamannafundi, sem valdir fjölmiðlamenn fengu að sitja, viðurkenndi hann margfalt framhjáhald sitt og bað um fyrirgefningu. Hann sagðist hafa brugðist fjölskyldu sinni og aðdáendum og bætti við að hann væri á leið í frekari meðferð vegna vandamála sinna. Óvíst er hvenær hann snýr aftur á gólfvöllinn en ljóst er að fjölmiðlasirkusinn í kringum þann viðburð verður gríðarlegur.

Howard Stern er einn ríkasti útvarpsmaður Bandaríkjanna. Hann er metinn á tugi milljónir dollara. Hann er einnig sá útvarpsmaður sem hefur verið oftast sektaður fyrir efni þáttanna sinna.

TEKUR ÞESSI ÞÁTT? Ein af hinum þrettán meintu hjákonum Tigers Woods.

HOWARD STERN Stelpurnar munu keppa í vinsælum útvarpsþætti Sterns.

POPP MOLAR

Írar slá í gegn

Las Olas nefnist fyrsti hljómdiskur írska tvíeykisins Low Sea og hefur hann vakið mikla athygli meðal tónlistaráhugamanna. Lagið Never Yours þykir myrkt og tilraunakennt en á sama tíma nokkuð grípandi og hefur heillað gagnrýnendur tónlistarvefsíða á borð við Pitchfork.com.

Angurvær söngkona

Lag hinnar sænsku Söruh Assbring, Change Of Heart, var kosið lag vikunnar af Starbucks iTunes í byrjun árs og varð nokkuð vinsælt í kjölfarið. Assbring notar listamannsnafnið El Perro Del Mar og hefur starfað undir því nafni frá árinu 2003. Hún leikur angurværa popptónlist og er útfærsla hennar á laginu Shelter, sem hljómsveitin The XX gerði vinsælt, einstaklega flott.

Vinsælir indie-piltar

Hljómsveitin The Morning Benders spilar tónlist í anda sjötta áratugarins og var kosin besta indie-hljómsveitin árið 2008. Hljómsveitin hefur getið sér gott orð fyrir ljúfa og líflega tónlist og hefur meðal annars hitað upp fyrir bönd á borð við Grizzly Bear, Yo La Tengo, MGMT og Ra Ra Riot.

Nýtt frá Hot Chip



Hljómsveitina Hot Chip þarf vart að kynna fyrir lesendum blaðsins, en fjórða hljómplata sveitarinnar kom út í byrjun febrúar og ber heitið One Life Stand. Samkvæmt Alexis Taylor, söngvara Hot Chip, er One Life Stand rólegri en Made In The Dark, sem kom út sumarið 2007. Um laganna á plötunni bera keim af diskótónlist sem og house-tónlist. Platan hefur fengið mjög góða dóma víðast hvar og þykir vera ein af betri plötum sveitarinnar.

Í fremstu röð í framleiðslu á hljóðversbúnaði.

Focus on one thing, and only one thing and you'll master it. That's our philosophy.
KRK SYSTEMS

duet
gerðu tónlist á makkann þinn

nýtt í Tónastöðinni

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

POPPGÚRÚ: VIGNIR SNÆR UM ROSALEGA ÁHUGAMÁLIÐ

VIGNIR SNÆR MEÐ FORLÁTA GRETSCH-GÍTAR „Ég hef brennandi áhuga á gíturum." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á ÞRJÁTÍU GÍTARA OG ÞARF FLEIRI

Vignir Snær Vigfússon var gítarleikari og aðallagahöfundur Írafárs. Það bar mikið á honum á meðan Birgitta Haukdal söng sig inn í hjörtu landsmanna með ægigrípandi popplögum Vignis, en síðan Írafár og Birgitta hurfu úr sviðsljósinu hefur ekki borið mikið á honum. Vignir starfar sem upptökumaður og kennari í Tónlistarskóla Þorvaldar Bjarna, er mikill græjunörd og á þrjátíu gítara.

Benda ekki þrjátíu gítarar til einhvers konar geðsýki?

„Jú, ætli það ekki. Þú getur spurt konuna að því!" segir Vignir.

Er hún ekki hrifin?

„Jú jú, hún lætur þetta eftir mér. Við reynum að taka eina og eina utanlandsferð inn á milli og þá gefur hún mér einn dag til að fara í hljóðfærabúðirnar. Þetta er náttúrlega rosalegt áhugamál hjá mér. Ef maður finnur gamla og verðmæta gítara þá verður maður helst að grípa þá. Það er oft sem einhverjir eru að leggja gítarinn á hilluna og þá bjóðast mér þeir til kaups. Þetta er allt meira og minna keypt á Íslandi. Ég held ég sé að fá gítarana á sæmilegum prís, en ef þú ert að borga fyrir 63-módelið af Gibson þarftu náttúrlega að borga slatta."

Lærði af Einari Melax

Vignir ólst upp á Kirkjubæjarklaustri.

„Ég byrjaði 9-10 ára að læra á klassískan gítar, aðallega vegna þess að ég var að elta elsta bróður minn sem spilaði á gítar. Mér fannst það voðalega flott. Það var tónlistarkennsla en eins og oft vill verða á litlum stöðum var bara einn kennari sem kenndi á öll hljóðfærin. Minn fyrsti gítarkennari var Einar Melax sem var í Kukli og Sykurmolunum. Hann er svo músíkalskur karlinn að hann bara lærði með nemendunum og gat alltaf miðlað einhverju."

Snemma fór að bera á rokkáhuga.

„Ég fór í skólaband og fyrsti rafmagnsgítarinn var af tegundinni Phantom, bara svona ódýr gítar. Þetta er eini gítarinn sem ég hef selt og ég hef alltaf séð eftir honum. Langar dálítið til að kaupa hann aftur. Mig grunar hvar hann er niðurkominn. Ég keypti svo fyrsta alvöru gítarinn minn í Hljóðfæraverslun Pauls Bernburg, rétt áður en sú verslun hætti. Það var fyrsti gítarinn sem kostaði einhvern pening, sjö strengja Ibanez með djúpum B sem sjöunda streng. Ég keypti hann þegar svona gítarar voru alveg dottnir úr tísku – maður var úr sveitinni og svona"

Vantar fullt enn þá

Vignir var að böðlast í grugginu í Músíktilraunum 1997 (árið sem Soðin fiðla sigraði), en stofnaði svo Írafár árið eftir. Eftir að Birgitta Haukdal gekk í bandið fóru hjólin að snúast og fyrsta lagið, Hvar er ég?, sem kom út árið 2000 varð smellur. Síðan tók við gífurlegur uppgangur og þrjár plötur, sú síðasta kom út 2005 og þá virtist sem þreyta væri komin í mannskapinn.

„Á Írafár-árunum notaði ég mest Les Paul custom-gítar frá Gibson. Ég keypti hann af Hössa sem var í hljómsveitinni Spoon."

Hvaða gítarar eru mestu gersemarnar?

„Tja. Ég á tvo gamla „hollowbody"-Gibsona og einn Fender-gítar/bassa, sem heitir Fender 6. Bítlarnir notuðu svona sem bassa, en það er hægt að nota hann sem mjög djúpan gítar líka með því að smella einum takka. Jóhann G. Jóhannsson átti þessa græju."

Eru einhver markmið eftir í gítaráráttunni?

„Já, ég ætla að halda ótrauður áfram að safna og mig vantar fullt. Til dæmis góðan Rickenbacker-gítar og PRS (Paul Reed Smith) gítar líka. Ætli það sé ekki það næsta sem maður fer í."

drgunni@frettabladid.is

DÓTAKASSINN:

„Ég á um þrjátíu gítara: Gretsch, Fender, Gibson, Taylor, Martin, Yamaha og ýmsa fleiri. Ég á þrjár bassalufsur: Fender, Warwick og Ibanes. Einnig mandólín, lapsteel, dobro, rhodes, píano og trommusett. Helstu magnarar eru Mesa boogie, Marshall, Fender, Vox, Orange og Egnater. Ég á allt of mikið af effektum sem ég nota ekki. Svo á ég náttúrulega Pro tools HD-upptökukerfi, nokkra pre-ampa, míkrafóna og allt sem því fylgir að reka stúdíó og upptökuskóla."

FERILL

„Lagahöfundur og gítarleikari Írafárs, tónlistarstjórn í Idol, X-factor & Bandinu hans Bubba, spilaði í söngleikjum svo sem Grease, Hárinu & Footloose. Hefur tekið þátt í Eurovision nokkrum sinnum í ýmsum hlutverkum, samið fyrir, tekið upp, útsett fyrir ýmsa, til dæmis Jógvan, Skítamóral, Birgittu og fleiri."

VERKEFNIÐ

„Næsta verkefni er trúbadoraplata sem ég er að vinna með Hreimi, Jógvani, Sjonna Brink og Gunna Óla, en við stefnum á að koma henni út fyrir sumarið. Svo er þetta reglubundna sem er alltaf í gangi hjá mér, rekstur Tónvinnsluskólans og ýmis smærri verkefni, svo sem upptökur á lögum og að spila inn á plötur. Í sumar ætla ég svo að reyna að vera í fæðingarorlofi þar sem þriðji strákurinn bættist í hópinn í nóvember. Mögulega nýti ég tímann og prjóna peysur á alla fjölskylduna úr krullunum á kollinum á mér."

TÆKI ÁRSINS 2009

Græjusíðan Engadget valdi á dögunum græjur ársins 2009. Af hverju þeir völdu græjur ársins 2009 núna (og græjur eins og iPad sem komu á þessu ári eru á listanum) vitum við ekki. En eitt er víst, það eru sjúklega safaríkar græjur á listanum sem gaman væri að eiga.

MESTA EFTIRVÆNTINGIN
Apple iPad.

FARSÍMI ÁRSINS
LG BL40 Chocolate Touch.

BORÐTÖLVA ÁRSINS
Thermaltake Level 10 Case.

FARTÖLVA ÁRSINS
ASUS UL Series.

VERSTA TÆKI ÁRSINS
Nuvifone G60.

LEIKJATÖLVA ÁRSINS
PS3 Slim.

TÖLVUSKJÁR ÁRSINS
LG 15 tommu OLED TV.

NETTÖLVA ÁRSINS
Toshiba NB205.

TÆKI ÁRSINS
MOTOROLA DROID.

SMARTSÍMI ÁRSINS
iPhone 3GS.



HD-SJÓNVARP ÁRSINS
Panasonic V10 Plasma.

STAFRÆN MYNDAVÉL ÁRSINS
Panasonic GF1.

Tónastöðin er með frábært úrval slagverks og trommusetta og þar á meðal hin einstöku Gretsch trommusett

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.

GRETSCH®
That Great Gretsch Sound!™

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

SIÐFERÐIS-KENNDIN EKKI TIL SÖLU

Flestir hafa séð andliti – ja, eða lögulegum líkama – Lilju Ingibjargardóttur bregða fyrir á Netinu, í blöðum eða sjónvarpi. Hún hefur verið fastagestur á síðum blaðsins Séð og heyrt síðustu ár, komið fram í auglýsingum Símans ásamt því að vera ein af ástæðunum fyrir því að ungir menn fagna þegar Hagkaupsbæklingurinn dettur inn um lúguna. Færri vita að Lilja flutti heim frá Bandaríkjunum í fyrra, þar sem hún lærði grunnnám í læknisfræði. Hún lifði lúxuslífi í New York og Los Angeles, en þegar hún kom heim þurfti hún skyndilega að sætta sig við að á Íslandi þurfa fyrirsætur að greiða fyrir mat og drykk og sýna skilríki inni á skemmtistöðum.

ORÐ: Atli Fannar Bjarkason
MYND: Valli
HÁR: Elvar á Kompaníinu
FÖRÐUN: Stína

„Ég flutti tvítug út til þáverandi kærasta míns. Hann er módel og leikari. Ég ákvað að prófa og vita hvað módelskrifstofurnar myndu segja. Af hverju ekki?“

Segi það. Og var mikið að gera?

„Ég bjó fyrst í New York og það er ekki mikið að gera þar fyrir mig. Það voru einhver katalóg-verkefni, sem eru reyndar mjög vel borguð. Svo flutti ég til Los Angeles – LA og Miami eru meiri markaðir fyrir mig. Ég er ekki nógu há fyrir New York. Ég er líka með silíkon og þar þarf maður að vera meira flatbrjósta. Þessar stelpur í New York eru margar bara 14 ára. Þær eru ekki einu sinni komnar með brjóst og mjaðmir. Svo eru stelpur að horfa á þær í blöðunum og dreyma um að vera eins og þær. Halló, þær eru 14 ára.“

VIP-meðferð á klúbbunum

Lilja fékk VIP-meðferð nánast alls staðar sem hún fór. Hún fékk frítt inn á heitustu klúbbana og þurfti ekki einu sinni að greiða fyrir matinn sem hún borðaði á fínum veitingastöðum. Allt var í boði hússins, enda sjá staðirnir hag í því að vera með fallegt fólk við borðin sín, en þannig byggja þeir upp orðspor.

„Það er komið fram við módel eins og stjörnur. Ef þú ert ljótur, þá bara „út með þig“ – þá er þér ekki hleypt inn á staðinn. Þeir sem voru ekki á lista hjá þeim sem buðu okkur á staðina þurftu að bíða í röð og borga inn – kannski 5.000 kall, og þeir máttu ekki sitja. Flaskan kostar svona 100.000 kall á þessum stöðum og þá færðu borð. Við fengum alltaf borð og áfengi allt kvöldið.“

Þessi aðferð var árangursrík, en Lilja segir að langar raðir hafi byrjað að myndast fyrir utan staðina tveimur tímum áður en þeir opnuðu.

„Fólk bíður stundum í þrjá, fjóra tíma og kemst ekki inn því það er búið að loka. Sumum er neitað. Þeldu í þessu. Mér finnst æðislegt að djamma í New York. Best í heimi. En nú er ég svo góðu vön og kem til Íslands. Ég þarf kannski að bíða í röð og kem inn og er beðin um skilríki. Svo þarf ég að kaupa drykki, fæ ekki sæti, gaurar klípa í rassinn á manni og ég hugsa bara: „Hvar er ég?“ Mig langar til New York núna (hlær). Ég var orðin of góðu vön.“

„BRANSINN ER ALLT ÖÐRUVÍSI EN Á ÍSLANDI. ÞARNA ÞURFTI ÉG AÐ HITTA LJÓSMYNDARANN OG DAÐRA SVOLÍTIÐ VIÐ HANN. ÉG FÓR Í MAT MEÐ HONUM OG ALLT Í EINU BYRJAÐI HANN AÐ KÁFA Á MÉR, EINS OG EKKERT VÆRI SJÁLFSAGÐARA. ÉG ÝTTI HONUM Í BURTU OG SPURÐI HVAÐ HANN VÆRI AÐ GERA. HANN SAGÐI: „ÞÚ LEIST ÚT FYRIR AÐ VERA FREKAR FÚL – ÉG VILDI BARA GLEÐJA ÞIG.““

Ég spyr hvort lífið hafi virkilega alltaf verið svona í New York og Lilja tekur gott dæmi. Henni var boðið í partí til hjóna, sem eru vafalaust þau valdamestu í tónlistarbransanum í Bandaríkjunum: Jay-Z og Beyoncé Knowles.

„Við fórum í partí til þeirra og P. Diddy var þarna – eða hvað sem hann kallar sig í dag. Ég er vön að hitta frægt fólk. Fyrsta kvöldið sem ég var úti hitti ég Lindsay Lohan og Jude Law. Mér fannst það merkilegt fyrst. En þetta er bara fólk. Heppið fólk að vera frægt og eiga pening (hlær).

Neitaði 25 milljóna verkefnum

Lilja kynntist skuggahliðum tískuheimsins á meðan hún dvaldi úti. Hún segir fyrirsætur sofa hjá ljósmyndurum til að koma sér á framfæri í bransanum og veit til þess að karlkyns fyrirsætur veiti samkynhneigðum ljósmyndurum kynferðislega greiða. Henni voru boðnar 25 milljónir fyrir að sitja fyrir í tveimur auglýsingum, fyrir GAP og MAC, en ljósmyndarinn vildi meira en hún var tilbúin að bjóða.

„Bransinn er allt öðruvísi en á Íslandi. Þarna þurfti ég að hitta ljósmyndarann og daðra svolítið við hann. Ég fór í mat með honum og allt í einu byrjaði hann að káfa á mér, eins og ekkert væri sjálfsagðara. Ég ýtti honum í burtu og spurði hvað hann væri að gera. Hann sagði: „Þú leist út fyrir að vera frekar fúl – ég vildi bara gleðja þig.“ Hann var búinn að lofa mér þessu verkefni. Hann sagði mér að allar stelpurnar svæfu hjá honum og stökk á mig. Ég forðaði mér.“

Þó að tískuheimurinn sé skuggalegur lifir Lilja heilbrigðu lífi. Hún reykir ekki, hefur aldrei notað eiturlyf og af myndunum að dæma tekur hún vítamín, borðar hollan mat og hreyfir sig. Siðferðiskenndin kostaði hana ekki aðeins 25 milljónir, en henni var boðið hlutverk í kvikmyndinni The Good Shepherd, með Matt Damon og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum, gegn því að sofa hjá einum af framleiðendum myndarinnar.

„Ég átti að vera gellan sem tældi hann, skilst mér. Til þess að fá hlutverkið þurfti ég að fara út að borða með framleiðandanum og rauninni tæla hann. Ef hann vildi svo fá mig upp á hótelherbergi þá átti ég að gera það. Ég var til í að fara með honum í mat en „verð ég að sofa hjá honum?“ spurði ég. Ég var þá spurð hvort ég vildi ekki leika í myndinni og hvort ég vildi ekki vera fræg. Þau töluðu svo ekki aftur við mig vegna þess að ég vildi ekki sofa hjá honum.“

ÆTLAÐI AÐ VERA LÆKNIR Lilja tók grunnnám í læknisfræði þegar hún bjó úti, en hætti og stefni

r á að læra lífeðlislega sálfræði.

Þú þráir sem sagt frægðina ekki það mikið að þú fleygir siðferðiskenndinni fyrir hana?

„Nei (hlær). Ég hef það ágætt."

Ætlaði að verða læknir

Lilja stundar nám í Menntaskólanum við Sund og stefnir á að klára næsta haust. Hún hefur komið víða við á námsferli sínum, lærði ensku og var í fornámi fyrir læknisfræðina þegar hún bjó erlendis og er með framhaldsskólapróf í Bandaríkjunum.

„Ég stefndi á að verða læknir frá því ég var sex ára, en stærðfræðin var ekki nógu góður vinur minn. Núna langar mig að læra lífeðlislega sálfræði. Læra um heilann og hvernig líffærin tengjast sálfræðilega."

En hvað tekur við þegar þú klárar stúdentinn?

„Ég ætla út í skóla. Ég er ekki búin að ákveða nákvæmlega hvar."

Lilju dreymir um að vinna í sjónvarpi, en er einnig byrjuð að spjalla við módelskrifstofur í Los Angeles, en hún stefnir á að dvelja þar í allt sumar. Hún hræðist ekki bransann, þrátt fyrir að hafa kynnst skuggahliðum hans af eigin raun og vonast til að starfa sem fyrirsæta í náinni framtíð: „Ég er ekki að þessu vegna þess að ég vil vera fræg," segir hún. „Ég er að þessu vegna þess að mér finnst þetta gaman."

LILJA OG PARIS HILTON

„Ég kynntist henni á klúbbi í LA veturinn 2008," segir Lilja um kynni sín og hótelerfingjans Parisar Hilton. Paris fær greitt fyrir að láta sjá sig á skemmtistöðum, en hún og Lilja eiga sameiginlegan vin. „Hún er bara fín. Samt mjög hlédræg. Það er ekki auðvelt að tala við hana, það eru örugglega allir að reyna það. Svo hitti ég hana oft í kjölfarið. Hún var alltaf full. Einhvern tíma var mér svo boðið í partí heim til hennar og hún vildi bara fá stelpur. Mér fannst það mjög skrítið. Ég og vinkona mín vorum með strákum en þeir máttu ekki koma með. Það voru samt strákar í partíinu, en hún vildi örugglega ekki fá fleiri."

GÓÐU VÖN Lilja lifði lúxuslífi í New York og Los Angeles.

Í TOPPFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI

Þorbjörg Ágústsdóttir er margfaldur Íslandsmeistari og fimmfaldur Norðurlandameistari í skylmingum. Hún stefnir á að keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í London 2012.

Þorbjörg undirbýr sig nú að kappi fyrir Ólympíuleikana 2012. Hún velur hollan, ferskan og framandi mat á SAFFRAN til að halda sér í toppformi.
Við erum stolt af að styrkja eina af okkar fremstu íþróttakonum.

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Hljóðupptöku-námskeið í Sýrlandi

Skráningu er að ljúka
- námskeiðin hefjast í mars

Pro Tools | Logic | Almenn upptökufræði

Skráðu þig á bokanir@syrland.is
eða í síma 563-2910

Nánar á www.syrland.is

Vatnagörðum 4 | Sími: 563 2910 | info@syrland.is | www.syrland.is

Ideal STANDARD

Ideal Standard
Hitastýrt baðblöndunartæki

Ideal Standard
Handlaugar blöndunartæki m/lyfutappa

Ideal Standard
Hitastýrt sturtublöndunartæki

Ideal Standard
Eldhúsblöndunartæki

TRYGG GÆÐI · VOTTAÐ GÆÐAEFNI

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavik

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

SKRÓPAÐI Í SKÓLANUM TIL AÐ ÆFA

Það er furðulegt að hugsa til þess að bardagaíþróttamaðurinn Gunnar Nelson hafi fyrst byrjað að taka íþróttina alvarlega fyrir tveimur árum. Hann hefur náð mögnuðum árangri undanfarin misseri og er nú umtalaður úti í hinum stóra heimi – þekktur fyrir færni sína í blönduðum bardagalistum og er atvinnumaður í dag. Menntaskólinn átti ekki við hann og hann hætti eftir þrjú ár þegar hann var byrjaður að skrópa til að mæta á æfingar.

ORÐ: Atli Fannar Bjarkason
MYND: Valli

„Ég var í MS. Rétt fyrir próflok þriðja bekkjar hætti ég. Ég fór að vinna og vann mér inn peninga til að geta farið út. Ég var að æfa hérna heima og var byrjaður að skrópa í skólanum til að æfa. Svo áttaði ég mig á því að þetta gengi ekki, ég vissi alveg hvað ég vildi gera í lífinu. Ég sá engan tilgang í að kafa dýpra ofan í algebruna.“

Varstu slagsmálahundur í æsku?

„Nei. Ég hafði mikla orku sem barn, en ég var ekki slagsmálahundur.“

Varstu ekki að berja einhverja gaura í grunnskóla?

„Nei, en ég lenti alveg í slagsmálum eins og aðrir.“

Gunnar mætti Bretanum Sam Elsdon á dögunum í MMA, sem eru blandaðar bardagalistir. Þegar fyrsta lota var hálfnuð náði Gunnar hengingartaki á Bretanum sem var snöggur að gefast upp. Bardaginn var sýndur í bresku sjónvarpi og þeir sem lýstu bardaganum töluðu um að það hefði varla sést svitadropi á Gunnari, sem virtist pollrólegur á meðan hann lúskraði á Bretanum.

„Ég er rólegur yfir þessu. Ég verð náttúrulega spenntur og það er allt á fullu en fókusinn er í lagi. Ég hef pælt mikið í hvað skiptir máli og hvað ekki. Það hefur hjálpað mér rosalega mikið – líka í lífinu. Að láta hlutina ekki bögga mig, greina þá án þess að vera í tilfinningaflippi. Svo þegar maður er byrjaður að átta sig á hvernig hlutirnir virka getur maður notað tilfinningar til að hjálpa sér.“

Þetta hljómar eins og úr einhverri bardagabíómynd, er þetta sem sagt ekkert Hollywood-kjaftæði?

„Nei, en maður verður að læra þetta sjálfur. Það er enginn *sensei* í þessu. Það eru náttúrulega þjálfarar. Þeir eru jafn misjafnir og hver annar, en ég hef að mestu verið minn eigin þjálfari. Það eru mörg góð gildi í þessum bardagalistabíómyndum og mikið til í þeim. Eins og til dæmis jin og jang – jafnvægið er allt.“

Ertu þá alveg rosalega agaður, byrjaður að sippa klukkan sjö á morgnana?

„Nei, ég er voðalega venjulegur maður. Það er til dæmis ekkert svakalega langt síðan ég vaknaði í dag. (Innskot blaðmanns: Klukkan var 15.06)

Heppinn!

„(Hlær) Mér finnst rosalega gott að lúra. Ég fer mínar leiðir í þessu. Hver dagur er rosalega misjafn.

Þetta er meira spurning um að æfa rétt, í staðinn fyrir að keyra sig út á vitlausum æfingum. Ég æfi auðvitað mikið líka, á hverjum degi og stundum tvisvar á dag. Svo verður maður að læra að hlusta á líkamann. En ég hef aldrei verið mikið fyrir fasta dagskrá, það hefur aldrei hentað mér nógu vel. Ég vil spila eftir eyranu."

Það virðist vera að virka.

Íslendingar eru komnir af víkingum og þegar víkingar skemmta sér saman meiðist yfirleitt einhver. Gunnar segist ekki enn hafa lent í því niðri í bæ um helgar að einhver telji sig geta ráðið við hann, en margir hafa hins vegar gantast með það.

„Ég heyri þann brandara nánast í hvert skipti sem ég læt sjá mig, en enginn lætur vaða."

Góð sambönd í bransanum

Blandaðar bardagalistir (MMA) njóta sívaxandi vinsælda um allan heim. UFC er vinsælasta MMA-samband heims. Þar er slegist fyrir framan þúsundir manna og bardagarnir eru sýndir í sjónvarpi um allan heim. Gunnar hefur þjálfað með kunnum UFC-köppum og upp frá því hafa sprottið upp vangaveltur um hvort eða hvenær hann ætli að færa sig upp í deild með stóru strákunum. Gunnar segir að það verði að koma í ljós.

„Fyrir mig er þetta meira spurning um andstæðinga en keppnirnar. Að fá góða andstæðinga er aðalmálið svo að ég geti bætt mig. Í stóru keppnunum eru samningarnir grimmir og geta fest mann."

Grimmir hvernig?

„Bindandi. Maður er fastur í keppni og er ekki nógu frjáls. Ég sé mikilvægi þess að geta verið frjáls og keppt í þeim keppnum sem ég vil."

Ég heyrði að ef þú vildir þá gætirðu hoppað inn í UFC?

„Við erum með rosalega góð sambönd, ég hef æft mikið með Renzo Gracie og liðinu hans. Renzo er með fjóra, eða fimm bardagamenn í UFC. Sjálfur er hann að fara að berjast og það er varla hægt að finna betri sambönd. En við erum ekki að reyna að komast inn."

UFC framleiðir raunveruleikaþættina The Ultimate Fighter, þar sem barist er um að komast inn í deildina.

Hefur þér boðist að taka þátt í The Ultimate Fighter?

„Það var einhvern tíma talað um það. En svo varð ekkert úr því."

Hefurðu ekki áhuga á því?

„Nei og ég er feginn núna að ekkert hafi orðið úr þessu. Þá var ég alveg til, en það var margt annað sem ég vildi gera. Núna er feginn því ég myndi aldrei fara núna. Þetta er ekki fyrir mig."

Raunveruleikaþættir eru oft styttri leið fyrir fólk sem kemst ekki hina leiðina. Þú kemst kannski alveg hefðbundnu leiðina?

„Það er akkúrat það. Ég hef bullandi trú á sjálfum mér og hef engar áhyggjur af því að ná ekki þangað sem ég vil ná. Ég vil fara mína leið að því og ég held að það sé það besta sem ég get gert."

„MÉR FINNST ROSALEGA GOTT AÐ LÚRA. ÉG FER MÍNAR LEIÐIR AÐ ÞESSU. HVER DAGUR ER ROSALEGA MISJAFN. ÞETTA ER MEIRA SPURNING UM AÐ ÆFA RÉTT, Í STAÐINN FYRIR AÐ KEYRA SIG ÚT Á VITLAUSUM ÆFINGUM. ÉG ÆFI AUÐVITAÐ MIKIÐ LÍKA – Á HVERJUM DEGI OG STUNDUM TVISVAR Á DAG. SVO VERÐUR MAÐUR AÐ LÆRA AÐ HLUSTA Á LÍKAMANN. EN ÉG HEF ALDREI VERIÐ MIKIÐ FYRIR FASTAR DAGSKRÁR, ÞAÐ HEFUR ALDREI HENTAÐ MÉR NÓGU VEL. ÉG VIL SPILA EFTIR EYRANU."

DANSKA KRÁIN Happy Hour er hvern dag á Dönsku kránni frá klukkan 16.00 til 19.00.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVAÐA BARIR BJÓÐA UPP Á HAPPY HOUR?

Þegar harðnar í ári fækkar gjarnan gestum á öldurhúsum borgarinnar. Vertar hafa þurft að bregðast við því meini og laða nú gesti til sín með góðum tilboðum líkt og „Happy Hour“ eða gleðistund þar sem bjórinn er á hálfvirði. Happy Hour er þekkt fyrirbæri víða um heim og á rætur sínar að rekja til frístunda bandarískra hermanna. Happy Hour hefur verið bannað með lögum bæði á Írlandi og í Glasgow því menn óttast að það ýti undir óhóflega drykkju.

Boston er á meðal þeirra staða sem bjóða upp á Happy Hour. Hvern dag frá klukkan 17 til 21 má fá tvo kalda kranabjóra á verði eins. Boston er notalegur bar, innréttaður á smekklegan hátt þar sem gott er að sitja og spjalla eftir erfiðan dag í vinnunni.

Á Dillon er hægt að kaupa einn kaldan á 500 krónur á milli 18.00 og 20.00 og hlusta á gamla rokkslagara á meðan menn svolgra í sig. Rólegra andrúmsloft ríkir á virkum dögum á Dillon en um helgar og því ætti fólk ekki að vera smeykt við að kíkja þar við í einn öl.

Danska kráin, sem er í sama húsnæði og Qbar var í á sínum tíma, er með Happy Hour á hverjum degi frá klukkan 16.00 til klukkan 19.00 og má þá fá tvo kranabjóra á verði eins. Einnig gildir sama tilboð um Guinness-ölið. Vilji menn ekki báða bjórana á sama tíma fá þeir miða og innheimta seinni bjórinn síðar.

Síðastliðinn mánuð hefur Prikið boðið upp á alvöru After Work Happy Hour, sem hægt er að þýða yfir á íslensku sem gleðistund eftir vinnu. Alla virka daga á milli klukkan 17.00 og 19.00 kostar stór kranabjór á Prikinu aðeins 400 krónur, sem er ágætt verð fyrir þreytta vinnuþjarka. - *sm*

PRIKIÐ Alvöru Happy Hour ríkir á Prikinu alla virka daga milli klukkan 17.00 og 19.00.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BOSTON Happy Hour ríkir á Boston hvern dag frá klukkan 17.00 til 21.00.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRUMSÝND Í KVÖLD: SHUTTER ISLAND

Leonardo DiCaprio og vinir hans eru búnir að þróa tungumál sem aðeins þeir skilja. Tungumálið er einhvers konar leynikóðun á ensku. Mjög eðlilegt allt saman.

SHUTTER ISLAND Leonardo DiCaprio fer á kostum í myndinni að mati bíónörds POPPS.

MYRKUR, GEÐVEIKI OG HEILABROT

Árið er 1954. Teddy Daniels, sem leikinn er af Leonardo DiCaprio, og félagi hans, leikinn af Mark Ruffalo, eru sendir á hæli fyrir geðsjúka til að rannsaka dularfullt hvarf sjúklings. Einn af alræmdustu sjúklingum hælisins hvarf sporlaust úr herbergi sem er vaktað allan sólarhringinn og harðlæst utan frá. Ýmislegt annað kemur í ljós þegar líður á myndina og leikstjórinn Martin Scorsese þarf að koma miklu meira á framfæri en sjúklingi á flótta.

POPPDÓMNEFNDIN

Mamma

Þetta er nýja myndin með stráknum úr Titanic, en ég kunni nú betur að meta hann þar. Það var alvöru ástarsaga með harmi og gleði. Shutter Island er ekki alveg mynd til að fara á með mömmu sinni, enda var ég stundum svo logandi hrædd og ringluð að ég þurfti að grúfa mig ofan í popppokann og hugsa um pallinn sem pabbi þinn ætlar að smíða í sumar.

Vinurinn

Gaur, þetta er geðveik mynd. Mér er sama hvað stelpurnar segja um Leonardo DiCaprio, hann er frábær leikari þó að hann sé sykursætur. Scorsese á líka mjög erfitt með að klikka og byrjar ekki á því með Shutter Island. Frábær mynd, spennandi og örlítið ruglandi þangað til hann útskýrir plottið í endann. Sjáðu þessa, maður

Bíónördinn



Leonardo DiCaprio er einn af bestu leikurum sinnar kynslóðar og frammistaða hans er nánast nógu góð ástæða til að sjá myndina. Maður fagnar líka alltaf þegar Scorsese sendir frá sér nýja mynd og hann gerir fá mistök í þessari. Shutter Island er hörkuspennandi og dimm heilabrotsmynd sem heldur dampi allan tímann, þó að endirinn sé örlítið snubbóttur.

Stelpan

Æ, er ekki gömul klisja að strákar vilji fara með stelpur á svona „skerí“-myndir svo að þær grípi í þá. Þetta er reyndar ekki hryllingsmynd, en hún er „spúkí“ og ekki alveg fyrir mig. Það er reyndar æðislegt að horfa á Leonardo DiCaprio, en hann var ekki alveg nóg til að láta mig elska þessa mynd. Ég fæ að velja mynd næst.

POPPLEIKUR: BIOSHOCK 2



GRÍPANDI Bioshock 2 grípur leikmenn traustataki og sleppir ekki fyrr en síðasti skúrkurinn hefur verið drepinn.

MARGT BÝR Í DJÚPINU...

Flestir leikjaunnendur ættu að kannast við Bioshock. Nú hefur Bioshock 2 litið dagsins ljós og fá menn því einstakt tækifæri til að snúa aftur til neðansjávarborgarinnar Rapture, tíu árum eftir atburði fyrri leiksins.

Þeir sem spiluðu fyrri leikinn munu fljótt ná tökum á Bioshock 2, enda hefur litlu verið breytt. Leikurinn skartar enn frábærlega hönnuðu umhverfi, spennandi sögu, steampunk-vopnum, heillandi tónlist og frábærri grafík.

Helsta nýjungin felst í því að nú þurfa menn að beita smá skipulagningarhæfileikum á vissum augnablikum. Þá þarf til dæmis að leggja gildrur fyrir komandi óvini og þess háttar. Þetta er ágætis viðbót við leikinn. Þá hefur einnig verið bætt við nýjum áberandi óvini, hinum árásargjörnu Stóru systrum, ásamt því sem Bioshock 2 skartar netspilunarmöguleika.

Bioshock 2 er ekki eins góður leikur og forverinn en hann kemst fjári nálægt því. Leikurinn grípur leikmenn traustataki og sleppir ekki fyrr en síðasti skúrkurinn hefur verið drepinn. Skyldueign fyrir alla nörda með vott af sjálfsvirðingu.

Viggó I. Jónasson

SPILUN	GRAFÍK	HLJÓÐ	ENDING	NIÐURSTAÐA
5/5	5/5	5/5	3/5	

POPPLEIKUR: HEAVY RAIN

KREFJANDI LEIKUR Heavy Rain krefst þess að spilarinn fylgist vel með.

FRÁBÆR KVIKMYNDALEIKUR

Í Heavy Rain fer spilarinn með hlutverk fjögurra persóna á tímabili sem spannar yfir nokkra daga. Persónurnar fjórar tengjast á einn eða annan hátt Origami-fjöldamorðingjanum, og ætla að fyrirbyggja að hann drepi á ný.

Heavy Rain hefur verið beðið með eftirvæntingu frá því að hann var upphaflega kynntur og þar á meðal hjá undirrituðum. Margir tölvuleikir eru núna byggðir upp eins og kvikmyndir, en í Heavy Rain spilar þú bókstaflega tólf tíma kvikmynd.

Samspil atburðarásar leiksins, samtala, persóna og sjónarhorna eru meðal þeirra atriða sem gera Heavy Rain-leikinn „kvikmyndalegan“. Frá byrjun fyllist maður samúð með persónum leiksins og lifir sig inn í atburðarásina.

Stjórnunin er mjög frábrugðin því sem ég hef kynnst áður og er hún afar krefjandi. Í mörgum tilfellum gefst spilaranum ekki langur tími til þess að taka ákvörðun í samtali í takt við atburðarásina. Einnig er áhugavert hvernig sumar hreyfingar krefjast þess að þræða saman fjölda takka til þess að framkvæma hreyfingu, eins og að ganga upp blauta, sleipa hlíð. Nýtingin á sixaxis er afar góð, og gerir spilunina fjölbreytta.

Heavy Rain stóðst mínar væntingar og er útkoman vandaður og góður leikur sem hægt er að mæla með.

Vignir Jón Vignisson

SPILUN	GRAFÍK	HLJÓÐ	ENDING	NIÐURSTAÐA
4/5	5/5	5/5	4/5	

Botnlaus hasar - betri verð!

Heavy Rain
Origami morðinginn gengur laus. Tekst þér að finna hann í þessum magnaða spennutrylli á PS3!

Dómar:
100 af 100 – GamePro
100 af 100 – Official PlayStation Magazine
100 af 100 – Total Video Games

11.499

11.499

Bioshock 2
Einn harðasti hryllings- og skotleikur ársins. Spennandi söguþráður og flott netspilun.

PC - PS3 - X-Box 360

9.999

Vancouver 2010
Allar hröðustu og mest spennandi íþróttir vetrarólympíuleikanna eru hér mættar í einum pakka. Ótrúleg grafík.

10.999

Aliens vs Predator
Endurgerð af einum besta fyrstu persónu skotleik allra tíma. Flottur og spennandi leikur.

6.499

Napoleon
Stýrðu herjum Napoleon í þessum nýjasta leik í Total War seríunni.

BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

POPP MOLAR

Jack White gefur út plötu kærustunnar



Það er misjafnt hvað strákarnir gera fyrir stelpurnar sínar á konudaginn, en það er erfitt að toppa Jack White, forsprakka White Stripes. White stjórnaði upptökum á fyrstu plötu Karenar Elson, kærustunnar sinnar. Platan kemur út í sumar og eins og White sé ekki búinn að gera nóg þá ætlar hann líka að gefa plötuna út í gegnum útgáfufyrirtækið sitt, Third Man Records. Fallega gert af manni sem barði einu sinni söngvara The Von Bondies í klessu og skildi hníf eftir á hurð búningsherbergis hans.

Súr gúrka vinsælli en Nickelback

Grúppan „Can this pickle get more fans than Nickelback?“ eða „Getur þessi súra gúrka eignast fleiri aðdáendur en Nickelback“ hefur á tveimur vikum eignast fleiri aðdáendur en Nickelback. Gúrkan er komin með hátt í 1,5 milljón aðdáendur, en Nickelback er með rúmlega 1,4 milljónir. Nú þurfa aðdáendur þessarar hrikalegu hljómsveitar að hugsa sinn gang því þeir myndu vafalaust njóta þess betur að hlusta á gúrkuna.

Cobain-myndin drattast af stað

Framleiðslufyrirtækið Universal Pictures hefur loksins ákveðið að halda áfram með mynd byggða á bókinni Heavier Than Heaven, eftir Charles R. Cross. Leikstjórinn Oren Moverman er orðaður við verkefnið.

FYLL'ANN TAKK Þetta tæki, hvað sem það heitir, þarf eldsneyti eins og jeppinn.

TAKTU SÍMAMYND!

Taktu mynd með símanum og sendu okkur. Við birtum bestu myndirnar og höfundur langbestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos. Myndirnar geta verið af hverju sem er, einhverjum atburði, Sveppa, Michael Jackson, Jóhönnu Guðrúnu eða bara góðu flippi.

HISSA AÐ SJÁ MIG? Ugla sat á kvisti.

ÖSKUDAGURINN? Við búumst ekki við hann hafi prjónað húfuna sjálfur.

OPNA MUNNINN Spurning hvenær hann tekst á loft.

OPNA MUNNINN 2 Er þetta einhvers konar fiskeldi?

EFTIR ERFIÐAN VINNUDAG Dreymir hana illa?

HVÍTIR HRAFNAR? Þetta er sjaldgjæf sjón á Íslandi.



EFTIR ERFIÐAN VINNUDAG 2 Gott að fá sér blund. Spurning að nota sófann næst.

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS

SENDU OKKUR ÞÍNA SÍMAMYND Í SÍMA 696 7677 EÐA Á POPP@FRETTABLADID.IS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS!

vodafone

GOTT AÐ VERA NAKINN

Leikaranum Ewan McGregor finnst allt í lagi að fækka fötum á hvíta tjaldinu. Þessi skoska stjarna fer úr öllu í nýjustu mynd sinni The Ghost, sem Roman Polanski leikstýrir. „Eiginkonu minni hefur alltaf fundist þetta í lagi, nema þegar hún gekk með fyrstu dóttur okkar, Clara. Þá lék ég í kynlífsatriði í Trainspotting,“ sagði McGregor. „Hormónarnir hjá henni voru úti um allt og við rifumst harkalega um þetta. En þetta var í eina skiptið sem þetta hefur verið eitthvert mál.“ Hann bætir við að hann hafi alls enga sýningarþörf en honum finnst þetta samt ekkert mál. „Mér finnst bara mjög þægilegt að vera nakinn í bíómyndum vegna þess að þær endurspegla lífið sjálft. Mér hefur aldrei fundist þetta asnalegt.“

EWAN MCGREGOR Skotanum finnst allt í lagi að fækka fötum á hvíta tjaldinu.

Nú er Góugleði á Geysi - Bistro & Bar

Góugleði

Á Góugleði bjóðum við upp á þrjá einstaklega girnilega rétti, forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Þú velur þá tvo rétti sem heilla þig mest og greiðir aðeins kr. 3.990.

Forréttur

Sjávar-sinfónía: Humar, hörpudiskur og tígrisrækjur á salatbeði

Aðalréttur

Ofnsteikt nautalund með skógarsveppasósu, sætkartöflugratíni og steiktu rótargrænmeti

Eftirréttur

Heit súkklaðikaka með Café-Latte-ís

Tveir réttir **Kr. 3990**

Gildir föstudaga, laugardaga og sunnudaga

GEISIR
BISTRO BAR

Aðalstræti 2
101 Reykjavík
www.geysirbistrobar.is

Borðapantanir í síma 5174300

abbey road / design

5 GÓÐ RÁÐ

TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÁRÁS RAPPARA

Þorsteinn Guðmundsson er ýmsu vanur og með ráð undir rifi hverju.

1 **Ganga með gleraugu.** Það er bannað að kýla menn með gleraugu. (Sem er ástæðan fyrir því að fólk með linsur er alltaf kýlt í magann).

2 **Varpa fram spurningunni:** „Hvað rímar við moppa?“ og nota tækifærið til að hlaupa í burtu.

3 **Vera lögfræðingur.** (Það eru miklar líkur á því að það hafi þegar verið ráðist á þig á annarri útvarpsstöð).

4 **Vera útrásarvíkingur.** Þeir eru heilagir á Íslandi (eins og kýr á Indlandi sem ganga yfir allt og alla, nautheimskar sem þær eru og skilja allt eftir í djúpum skít).

5 **Vera undrabarn.** Setja upp svip eins og undrabarn í Stundinni okkar og öskra: Rarappar! Rarappar! (Sem er rapparar aftur á bak eins og öll undrabörn vita).

m.ring.is er farsímavefur sem eltir þig hvert sem þú ferð.
Fáðu þættina beint í æð í gegnum m.ring.is

Glænýir þættir á m.ring.is fyrir Ringjara.

Nýtt blóð í íslenskri þáttagerð beint í GSM símann þinn á 0 kr. í boði Ring og Monitor.

Mið-Ísland

Þeir Dóri DNA og Bergur Ebbi úr Mið-Íslandi stýra vefþætti sem er ekki bara svívirðilega fyndinn, heldur beinlínis varasamur.

Synir Jesú

Friðrik Dór gerir meira en að syngja seiðandi RnB-lög. Hann er meðlimur í efnilegasta grínteymi landsins. Synir Jesú er sketsaþáttur af bestu gerð.

Geðveikt

Bjartur leitar uppi fólk með óvenjulega hæfileika. Sjón er sögu ríkari í þessum stórskemmtilega og áhugaverða þætti.

Stíllinn

Erna Bergmann skoðar allt það heitasta í heimi tísku og hönnunar. Tekið verður hús á flinkasta og skemmtilegasta fólkinu í íslenska tískugeiranum.

MONITOR

Stærsti vinahópur á Íslandi ring

ENNEMM / SÍA / NM41146

Auglýsingasími

512 5411

POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

TRUM

m.

jafnframt krefjandi tímar hjá Vigdísi. Hún hefur landað einu af aðalhlutverkum í Lé konungi, sem verður jólasýning Þjóðleikhússins í ár.

Ástralski leikstjórinn Benedict Andrews hefur verið fenginn til að leikstýra verkinu. „Koma hans hingað er mikill hvalreki fyrir íslenskt leikhús og ég hlakka mikið til að takast á við þetta verk," segir Vigdís, sem mun fara með hlutverk Regan, miðdóttur Lér konungs, sem verður leikinn af Arnari Jónssyni. Sú er illgjörn mjög, sem er ódæmigert hlutverk fyrir hina ljúflegu Vigdísi. „Ég er oftar í hlutverki góðu stúlkunnar. En það er gaman og öðruvísi að takast á við vondu stelpuna. Það er oft meira krydd í þeim."

bak við tjöldin



Leikarar í uppáhaldi:
Ég sá Nine um daginn með Daniel Day-Lewis og Marion Coutillard. Þau voru bæði dásamleg.

Leikverk sem þig langar að takast á við:
Ég hlakka til að leika Regan í Lé, svo er alltaf pínku draumur að leika Elizu Doolittle í My Fair Lady.

Leynd perla í Reykjavík:
Týrólabrauðið hjá Sigga bakara í Bernhöftsbakarí. Bestu brauðin í bænum.

Land sem þig dreymir um að heimsækja:
Mig hefur lengi dreymt um að ferðast um grísku eyjarnar, með sól og bláan himin.

Eftirlætisborgin:
París. Hef komið þangað oft og það er alltaf jafngaman, mörg lítil þorp sem gera eina borg. Þar lifir kaupmaðurinn á horninu góðu lífi.

Fyrirmyndir þínar:
Er að lesa bókina Draumur um veruleika, smásögur eftir íslenskar konur teknar saman af Helgu Kress. Frábær ritgerð Helgu í upphafi bókar setti tóninn og nefni ég allar þær skáldkonur í bókinni sem hluta fyrir heild, fyrirmyndir sem héldu sínu striki þrátt fyrir oft ómögulegar aðstæður.

tíska

heitt í London

DÝRÐLEG BLÓMAANGAN Ilmvatnið vinsæla, Flora frá Gucci, er núna til í eau de parfum sem er að sjálfsögðu enn betra og drýgra en eau de toilette.

Litríkt Skemmtilegar samsetningar hjá House of Holland.

Þröng silhúetta Grænn kjóll með miðaldalegu belti hjá Marios Schwab.

Grafískt Skærir litir og mynstur hjá Osman.

Skemmtilegir straumar á tískuvikunni í London:

BÓHEMSK LITADÝRÐ

Úrvalið af breskum hönnuðum hefur sjaldan verið skemmtilegra en einmitt núna og það sást greinilega á tískuvikunni í London sem er að klárast. Hönnuðir eins og Giles Deacon, Christopher Kane, Louise Goldin, Marios Schaw, Henry Holland, Gareth Pugh og Duro Olowu sýndu sköpunarhæfileika sína og þá sérstöðu sem bresk hönnun hefur um þessar mundir. Þeirra á milli skapaðist hringiða sterklegrar litanotkunar, frumlegra sniða og framúrstefnulegrar tækni og aðferða. Það sem verður heitast næsta vetur að mati breskra hönnuða eru greinilega hettur á kjólum og peysum, skrautlegir skór, plastefni, blúndur og blóm, indíánamynstur, fjaðrir og snákaskinn.

- amb



Siffon og tjull Hvítur gegnsær kjóll hjá Pam Hogg.

Kvenlegt Kjóll með grárri kápu yfir hjá Vivienne Westwood Red Label.

Þröngt Framtíðarleg hönnun hjá Louise Goldin.

Ný námskeið hefjast 1. mars

Anna Sigurðardóttir, einkaþjálfiri m/B.S. í sálfræði

Anna Borg, einka- og sjúkraþjálfari

Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir

Haddý Anna Hafsteinsdóttir, íþróttafræðingur og einkaþjálfari

- **Mitt líf - með jákvæðu hugarfari og hreyfingu**
  Mán, mi og fö, kl. 6.20 - 7.20
  Verð: **19.900.-**

  60+ (60 ára og eldri)
  Mán og mi, kl. 10.00.
  Verð: **13.500.-**
- **Hraðlest (byrjendur)**
  Hádegistímar fyrir byrjendur í tækjasal
  Mán, mi og fö, kl. 12:05-12:50
  Verð: **19.900.-**
- **Hraðlest (framhald)**
  Hádegistímar fyrir lengra komna
  Þri og fi, kl. 12:05-12:50
  Verð: **14.900.-**
- **Ofþyngd - Hugræn atferlismeðferð**
  Þri eða fi, kl. 17.15-19.15

  Ætlað þeim sem eiga við ofþyngd að stríða og hafa áhuga á að vinna í sjálfum sér. Meðferðaraðilar eru Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur og Valgerður Margrét Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur
  Verð: **31.500.- (þ.e. 2.250 klst.)**
- **Kundalini Yoga**
  Þri og fi, kl. 9:00-10.15
  Verð: **14.900.-**
- **Þjálfun og líkamsvitund mæðra**
  Markmiðið er að hjálpa mæðrum á öllum aldri að hefja hreyfingu eftir barnsburð
  Á miðvikudögum, í 8 vikur
  Verð: **19.900.-**
- **Heilsulausnir 3**
  Mán, mi og fö kl. 16:30-17:30/ 9:00-10:00 (12 vikur)

  Hentar þeim sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma, sykursýki eða áhættuþætti þessara sjúkdóma. Hentar einnig þeim sem vilja ítarlegt mat á heilsufari og áhættuþáttum.

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

HLÝTT, MJÚKT OG YNDISLEGT

Fallegar peysur í snjóinn

SKARÐSHLÍÐ
Keltnesk áhrif svífa yfir vötnum í dömupeysunni Skarðshlíð frá Farmers Market. Nýjasta útgáfan fæst í tveimur litum og er úr dúnmjúkri merinoull.

FARMERS MARKET
Eyjarslóð 9
www.farmersmarket.is

MÚLI
Farmers Market heiðrar Jón Múla með þessari glænýju jakkapeysu fyrir dömur og herra. Múli er úr 100% íslenski ull og prýða hana olnbogabætur og tölur úr nautsleðri.

KAREN MILLEN PEYSUKJÓLL
Einn litur: verð 29.990kr.

STÓRA-FLJÓT
Ný útgáfa af peysunni Stóra-Fljót frá Farmers Market. Hlý og notaleg úr 100% íslenskri ull. Hönnuð af Bergþóru Guðnadóttur fyrir Farmers Market

KAREN MILLEN
Kringlan

KAREN MILLEN
Smáralind

KAREN MILLEN PEYSA
3 litir: blár, fjólublár og drappaður.
Verð, 20.990kr.

HNEPPT PEYSA
2 litir: ljós grár og brúnn
Verð: Kr. 8.993
Stærðir: 6-16

WAREHOUSE
Kringlan

WAREHOUSE
Smáralind

PEYSA
2 litir: ljós grár og svartur
Verð: Kr. 6.743
Stærðir: 6-16

FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Stefán Svan Aðalheiðarson fatahönnuður

1 **Fara í morgunmat til systur minnar á Hornafirði og klappa öllum börnum hennar og dýrum. Þar væri öll fjölskyldan mín saman komin.**

2 **Fara með Daða og Bjarna, vinum mínum, að versla í París með alla peninga Donalds Trump.**

3 **Hvítvínspása í New York heima hjá Auði og Ara.**

4 **Kvöldmatur heima hjá mér með öllum sem ég elska, því heima er best.**

5 **Rómantískt síðkvöldsstefnumót á heimsmeistarakeppni í samkvæmisdönsum í Blackpool með tilheyrandi endi.**

Ný tækifæri

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins býður upp á fjölbreytt og skapandi nám. Í skólanum er hefðbundið framhaldsskólanám, iðnnám, stúdentsnám, flugnám, marmiðlunarnám, hljóðtækninám, diplómanám auk spennandi námskeiða fyrir almenning.

Fagskólar Tækniskólans eru:

- Byggingatækniskólinn
- Endurmenntunarskólinn
- Fjölmenningarskólinn
- Flugskóli Íslands
- Hársnyrtiskólinn
- Hönnunar- og handverksskólinn
- Raftækniskólinn
- Tækniakademían
- Skipstjórnarskólinn
- Upplýsingatækniskólinn
- Véltækniskólinn

Skrúfudagur Tækniskólans

Tækniskólinn er með opið hús laugardaginn 27. febrúar frá kl. 12:00 - 16:00 og býður öllum áhugasömum í heimsókn. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá, kynningar á náminu, sýningar nemenda og margt fleira. Nánari dagskrá verður kynnt á www.tskoli.is.

Kynntu þér málið á **www.tskoli.is**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

zetor

512 54 01 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE. Árgerð 2006, ekinn 47 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 5.400 þús Stgr. Rnr.151243

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

NISSAN PRIMASTAR LANGUR. Árgerð 2008, ekinn 68 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.128870 skoða skipti á ódýrara og dýrara

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

YAMAHA PHAZER FX 500. Árg 2007, ek 700 km Verð 890þ áhvl 810þ afb. 23þ Tilboð: Yfirtaka + 50þ Rnr.129583 Óskum einnig eftir hjólhýsum og öðrum ferðavögnum á söluskrá okkar.

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

POLARIS IQ 600 FUSION. Árg 2007, ek 2 þ.km,Tilboðsverð 890þ stgr. ásett 1.200þ Rnr.102288 Óskum einnig eftir hjólhýsum og öðrum ferðavögnum á söluskrá okkar.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

ARCTIC CAT F-1000. Árgerð 2007, ek 2 þ.km. Verð 1.350þ áhvl 530þ afb .16þ Rnr.129343 Óskum einnig eftir hjólhýsum og öðrum ferðavögnum á söluskrá okkar.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Bílar til sölu

MMC Galant 94.FjórhjólaDrifinn Skoðaður11 í Góðustandi Verð 210 Þús. upplís Sími 8995492.

7 manna diesel, tilb.
Góður Gallooper árg. ,99 7.manna diesel.Ek 193þ.Þjónustubók, góð dekk,krókur. S. 891 9847

Subaru impreza árg ,97, ssk, 4x4, nýsk. vetrard. V. 350 þ. Uppl. í S. 893 2284.

Til sölu Volvo V70 XC ,00 ekinn aðeins 152 þ.km. Verð 1.390þ. Ekkert áhv. Uppl 899 0410

Tilboð óskast í MM Pajero. Árg.'02, ek 94.500. Nýsk. Uppl í S. 899 8986

Nissan Terrano 2 ,96 ek. 230 þús. sk. ,10 Staddur á Selfossi. V. 250 þús. Auka dekk fylgja S. 663 1189 & 566 7317. Á sama stað óskast keyptar hvaltennur.

Veturinn er kominn!! Rav4 VX ,06 4x4 til sölu. Leður og rafm. í öllu. Uppl. veitir Toyota - Kletthálsi - S. 570 5070.

Toyota Aygo, árg ,07.Ek 29þ. 5d, mmt skipt.Ákvílandi 1360þ. afb.á mán. 35þ m. trygg.Ásett V. 1750þ. Uppl í S. 772 2878

Skoda Oct. station árg. ,02. Ssk. Ek. 185 þ. Áhv. ca 400 þ. Selst á 700 þ. S. 868 4545.

For sale Mitsubishi Outlander 2006, 32000km, price 2.2ml. More informations gsm 8451434.

0-250 þús.

Vil kaupa Daihatsu move eða cuore til niðurrifs. Aðeins 850 cc vél kemur til greina. Uppl, í síma 897 9252.

Kia Sprite árg. ,02þ. Ek. 115 þús, þarfnast lagfæringar á boddý. Verð 130. þús. S. 864 8918.

250-499 þús.

CitroenBerlingo ,03 ek. 100 þús. fæst á yfirtöku 390 þús. 847 2800.

w.bora til sölu.99árgerð.sjálfskiptur,dökkar rúður, keyrður105þ. Ný tímareim.V:450þ.8472800

Corolla 94 ekinn 160 þús. fallegur og góður bíll. tímareim í 90 þús. álfelgur, sjálfskiptur og rafm í rúðum. V 290.þús uppl Árni (897-4693).

500-999 þús.

Pajero 1997, diesel, 7 manna. Ný 35 tommu dekk. Ásett verð 690 þús. s: 662-1191.

Bílar óskast

Óska e.að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl.í s:866-0471

Jeppar

99 Musso 2,9 tdi ssk 35" 207þkm loftl framan mikið yfirfarinn.8933746 Maggi

Jeppi á 390.000
Musso árg'98 2.9 Turbo diesel ekinn 225 þ km. 4x4, sjálfskiptur, 32" breyttur góð dekk, skoðaður 2011, krókur, CD, flottur bíll, nýupptekin turbina. Verð 550.000- Tilboð 390.000- stgr uppl. í s. 899 8789

Lækkað verð 590þús
Nissan Terrano II Special Edition, ekinn 180 þkm, álfelgur, topplúga, 7 manna, 31" dekk, Rafmagn í öllu, 2,4L bensín. Verð 590 þús kr Hægt að fá á VISA eða EURO raðgreiðslum. Skipti möguleg á ódýrari bíl eða mótorhjóli Upplýsingar veitir Ásgeir í síma 897-7800.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Vörubílar

Man 19414 árg. ,00 4x4+2. Ek. 260þús. Pallur, krani og stóll. Snjómokstursbún. + undirtönn. Uppl. í s. 892 1755.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Mótorhjól

Motor sport

Útsala á vespum í stuttan tíma!
Aðeins 1 svört og 3 rauðar eftir af 50cc vespum. Áður 188 þús. Nú 169 þús. Eigum einnig vespur 125cc. Eigum einn rauðan hippa 250cc aðeins ek. 700km.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Ný Polaris 850 Touring 2010, hvít númer, Vökvastýri, 70hp, Sjá www.motorhjol.net, nánari upplýsingar í 8246600

Can-Am Renegade 800 Götuskráð 10/07. Ekið tæpa 6þ.km. Hlaðið aukabúnaði. S. 895 3727.

Kawasaki VN 800 árg. ,99 ek. 5þ. mílur. Glæsilegt hjól. Gott verð. S. 773 5165.

Vélsleðar

Yamaha Apex 06 árg ekinn 1750km 4 gengis rafstart neglt belti ny smurður lítur mjög vel út sími 8947137

Bátasmíði

Þjónusta

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Bílabúð Benna Notaðir bílar
Ýmis lánakjör í boði!

SSANGYONG KYRON M-200 DIESEL 01/2007, ek. 70 þús. 5 dyra, ssk. álf. dráttarbeisli, leður, rafm og minni í sætum og fl. Verð 3.290 þús.

SUZUKI IGNIS 1500 4X4 01/2006, ek. 60 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. cd. Filmur. Verð 1.250 þús.

SUBARU LEGACY GL WAGON 07/2004, ek. 85 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. cd, og fl. Verð 1.590 þús.

